

**Nd.**

**112. Frumvarp til laga**

[96. mál]

um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

Með lögum þessum staðfestist samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Limited, dags. 28. október 1969, um viðauka við aðalsamning milli sömu aðila, dags. 28. marz 1966, um byggingu og rekstur álbræðslu við Straumsvík, í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum, á íslenzku og ensku.

2. gr.

Ákvæði viðaukasamnings þess, sem um ræðir í 1. gr., skulu hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**F Y R S T I V I Ð A U K I**  
**VIÐ AÐALSAMNING MILLI RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS**  
**OG SWISS ALUMINIUM LIMITED**

SAMNINGUR gerður hinn 28. dag októbermánaðar 1969

MILLI

RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS (hér á eftir nefnd „ríkisstjórnin“)

ANNARS VEGAR

OG

SWISS ALUMINIUM LIMITED (hér á eftir nefnt „Alusuisse“), sem er félag stofnað að svissneskum lögum

HINS VEGAR

RÍKISSTJÓRNIN OG ALUSUISSE hafa gert með sér aðalsamning, dags. 28. marz 1966, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 76 13. maí 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „aðalsamningurinn“). Samningur þessi fjallar, meðal annars, um byggingu og rekstur álbræðslu með tilheyrandi búnaði (hér á eftir nefnd „bræðslan“) við Straumsvík á Suðvesturlandi, eign Íslenzka Álfélagsins hf. (hér á eftir nefnt „ISAL“). Bræðslan notar rafmagn frá orkuverum Landsvirkjunar (hér á eftir nefnd „Landsvirkjun“) og hefur aðgang að hafnarmannvirkjum í Straumsvík í eigu Hafnarfjarðarkaupstaðar (sem hér á eftir er nefndur „kaupstaðurinn“).

BYGGINGU fyrsta áfanga bræðslunnar, sem hefur 60 megawatta málraun, er nú að fullu lokið, og fyrsti afhendingardagur rafmagns (AR I) varð hinn 1. október 1969 í samræmi við ákvæði 9. gr. aðalsamningsins.

ISAL er reiðubúið til að ljúka fyrri og síðari stækkun bræðslunnar, eins og þær hafa verið skilgreindar í aðalsamningnum, með 30 megawatta málraun hvor, í einu lagi og taka þær í notkun samtímis ekki síðar en 1. september 1972.

ALUSUISSE er reiðubúið til að láta ISAL stækka bræðsluna fram yfir þá 120 megawatta heildarmálraun, sem ráðgerð var samkvæmt aðalsamningnum, með því að bæta við hana mannvirkjum með 20 megawatta málraun og hafa mannvirki þessarar viðbótarstækkunar fullbyggð og fullbúin til rekstrar sumarið 1970.

LANDSVIRKJUN er reiðubúin til að hafa tiltækt það rafmagn, sem til þarf vegna ofangreindra stækkana bræðslunnar, á þeim tímum, sem að ofan greinir, og síðar, enda verði upphaflegt rafmagnsverð til bræðslunnar látið haldast út þann tíma, sem áður var ætlaður samkvæmt aðalsamningnum til að ljúka fyrri og síðari stækkun bræðslunnar.

RÍKISSTJÓRNIN er reiðubúin til að láta kjör þau og skilmála, sem nú gilda samkvæmt aðalsamningnum og fylgisamningunum, gilda einnig um ofangreinda viðbótarstækkun bræðslunnar.

KAUPSTAÐURINN og ISAL óska að gera tilteknar breytingar á fyrirkomulagi á greiðslu fastagjalds fyrir afnot hafnarmannvirkjanna í Straumsvík og hafa til þess samþykki ríkisstjórnarinnar og Alusuisse.

RÍKISSTJÓRNIN OG ALUSUISSE óska að breyta aðalsamningnum, svo sem kveðið er á hér á eftir, til framkvæmdar ofanrituðu.

MEÐ SKÍRSKOTUN TIL ÞESSA ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI SAMNINGUR:

1. gr.

Heiti samnings þessa og skýringar á orðum, sem notuð eru í honum.

- 1.01. Samning þennan ber að nefna fyrsta viðauka við aðalsamninginn.  
1.02. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum og fylgiviðaukunum, skulu þar hafa sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar aðalsamningsins, nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Ríkisstjórnin“ .....	málsg. 1.01 a)
„Alusuisse“ .....	— 1.01 b)
„Landsvirkjun“ .....	— 1.01 c)
„Kaupstaðurinn“ .....	— 1.01 d)
„ISAL“ .....	— 1.01 e)
„Fylgiskjöl“ .....	— 1.02
„Fylgisamningar“ .....	— 1.02
„AR I“ .....	— 1.03 o)

- 1.03. „Fylgiviðaukarnir“ merkja skjöl þau, er hér eru viðfest sem fylgiskjöl A til C, þ. e.:
- a) Fyrsti viðauki við rafmagnssamninginn (fylgiskjal B) milli Landsvirkjunar og ISALs;
  - b) Fyrsti viðauki við hafnar- og lóðarsamninginn (fylgiskjal B) milli kaupstaðarins og ISALs;
  - c) Fyrstu viðaukar við aðstoðarsamningana (fylgiskjöl C 1, C 2 og C 3) milli ISALs og Alusuisse.
- 1.04. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum og fylgiviðaukunum, hafa þar eftirtalda merkingu, nema annars gerist þörf vegna samhengis:
- a) „Gildistökdagur“ samnings þessa merkir dag þann, sem ákveðinn er samkvæmt málsgrein 8.02 í samningi þessum;
  - b) „Staðfestingarlög“ merkja lög þau frá Alþingi, sem veita samningi þessum lagagildi á Íslandi samkvæmt ákvæðum málsgreinar 8.02 í samningi þessum.

2. gr.

Breytingar á skýrgreiningum, sem notaðar eru í aðalsamningnum og fylgiskjölunum.

- 2.01. Upphafsaðkvæði stafliðs b) í málsgrein 1.03 í aðalsamningnum breytist þannig, að orðin „120 megawatta málraun“ í fimmtu línu hans falli brott, en orðin „140 megawatta málraun“ komi í þeirra stað.
- 2.02. Stafliður c) í málsgrein 1.03 í aðalsamningnum breytist þannig, að orðið „utanhúss“ í fyrstu línu falli brott.
- 2.03. Stafliðirnir f), g), h) og i) í málsgrein 1.03 í aðalsamningnum orðist þannig:
- a) „f) „Annar áfangi bræðslunnar“ merkir bræðsluna eins og hún er að gerð og búnaði með 80 megawatta málraun“.
  - b) „g) „Þriðji áfangi bræðslunnar“ merkir bræðsluna eins og hún er að gerð og búnaði með 140 megawatta málraun“.
  - c) „h) „Fyrri stækkun bræðslunnar“ merkir þann hluta bræðslunnar, sem hefur 20 megawatta málraun fram yfir málraun fyrsta áfanga bræðslunnar“.
  - d) „i) „Síðari stækkun bræðslunnar“ merkir þann hluta bræðslunnar, sem hefur 60 megawatta málraun fram yfir málraun annars áfanga bræðslunnar“.

3. gr.

**Breytingar á ákvæðum aðalsamningsins varðandi ákvörðun um afhendingardaga rafmagns.**

- 3.01. Málsgrein 9.03 í aðalsamningnum orðist þannig:  
„9.03. AR II skal vera sá dagur, sem ákveðinn er með samkomulagi milli Landsvirkjunar og ISALs, og skal hann eigi vera fyrr en 1. maí 1970 og (sbr. þó ákvæði málsgr. 9.07 um frestun) eigi síðar en í júlí 1970, en að öðrum kosti, ef slíkt samkomulag hefur eigi verið gert, er AR II hér með ákveðinn sem hinn 31. júlí 1970 (sbr. þó ákvæði málsgr. 9.07 um frestun)“.
- 3.02. Málsgrein 9.04 í aðalsamningnum hljóði svo:  
„9.04. AR III skal vera sá dagur, sem ákveðinn er með samkomulagi milli Landsvirkjunar og ISALs, og skal hann eigi vera fyrr en einu ári eftir AR I og (sbr. þó ákvæði málsgr. 9.07 um frestun) eigi síðar en 1. september 1972, en að öðrum kosti, ef slíkt samkomulag hefur eigi verið gert, er AR III hér með ákveðinn sem hinn 1. september 1972 (sbr. þó ákvæði málsgr. 9.07 um frestun)“.
- 3.03. Málsgrein 9.07 í aðalsamningnum breytist þannig, að orðin „innan tveggja ára fyrir þá dagsetningu AR II eða AR III“ í fyrstu og annarri línu hennar falli brott, en orðin „innan níu mánaða fyrir þá dagsetningu AR II, eða innan tveggja ára fyrir þá dagsetningu AR III“ komi í þeirra stað.

4. gr.

**Breytingar á ákvæðum aðalsamningsins um rekstur bræðslunnar.**

Málsgrein 10.01 í aðalsamningnum breytist þannig, að tölurnar „45.000“ og „60.000“ í fjórðu línu hennar falli brott, en í þeirra stað komi tölurnar „40.000“ og „70.000“ í sömu röð.

5. gr.

**Breytingar á ákvæðum aðalsamningsins um framleiðslugjald.**

- 5.01. Stafliðirnir a), b), c) og d) í málsgrein 25.02 í aðalsamningnum orðist svo:
- |    |   |                |
|----|---|----------------|
| a) | „a) frá upphafi rekstrar fram til sjötta árdags AR I<br>(þ. e. 1. október 1975) .....                       | U.S. \$ 12.50“ |
| b) | „b) frá sjötta árdegi AR I til fimmtánda árdags AR I<br>(þ. e. 1. október 1984) .....                       | U.S. \$ 20.00“ |
| c) | „c) frá fimmtánda árdegi AR I til fimmtánda árdags AR II<br>(væntanlega í júlí 1985 eða fyrr) .....         | U.S. \$ 26.43“ |
| d) | „d) frá fimmtánda árdegi AR II til fimmtánda árdags AR III<br>(væntanlega 1. september 1987 eða fyrr) ..... | U.S. \$ 28.57“ |
- 5.02. Málsgrein 27.01 í aðalsamningnum breytist þannig, að talan „200.000 Bandaríkjadollarar“ í fjórðu línu falli brott, en talan „235.000 Bandaríkjadollarar“ komi í hennar stað.
- 5.03. Málsgrein 28.01 í aðalsamningnum breytist þannig, í fyrsta lagi, að talan „15.000“ í staflið b) falli brott, en talan „13.500“ komi í hennar stað, og, í öðru lagi, að talan „20.000“ í staflið c) falli brott, en talan „23.500“ komi í hennar stað.

6. gr.

**Breytingar á almennum skatta- og gjaldaákvæðum aðalsamningsins.**

- 6.01. Stafliður 1) í málsgrein 31.01 í aðalsamningnum orðist þannig:  
„1) byggingarleyfisgjald til kaupstaðarins vegna bræðslunnar, eins og hún verður að gerð og búnaði með 140 megawatta málraun, er nemi einni milljón og fimm hundruð þúsund krónum (1.500.000), sem greiðist hinn 1. janúar 1967, og tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónum (250.000), sem greiðist hinn 1. janúar 1970“.

- 6.02. Stafliður m) í málsgrein 31.01 í aðalsamningnum orðist þannig:  
„m) gatnagerðargjald til kaupstaðarins vegna bræðslunnar, eins og hún verður að gerð og búnaði með 140 megawatta málraun, er nemi þremur milljónum og fimm hundruð þúsund krónum (kr. 3.500.000), sem greiðist hinn 1. janúar 1967, og fimm hundruð áttatíu og fimm þúsund krónum (kr. 585.000), sem greiðist hinn 1. janúar 1970“.

7. gr.

**Tengsl við breytingar á fylgisamningunum.**

- 7.01. Samtímis því, að samningur þessi er undirritaður, skulu aðilar að fylgiviðaukunum undirrita þá í því formi, sem þeir eru á fylgiskjölum A til C með samningi þessum. Ríkisstjórnin og Alusuisse staðfesta samþykki sitt við hverjum fylgiviðaukanna með undirskrift sinni.
- 7.02. Fylgiviðaukarnir skulu hver um sig verða beinn hluti af viðkomandi fylgiskjali og fylgisamningi, og sérhver tilvísun til fylgiskjalanna eða fylgisamninganna, eða einhvers þeirra, sem gerð er í aðalsamningnum (svo sem honum er breytt með samningi þessum), eða aðilar aðalsamningsins eða fylgisamninganna gera framvegis, skal talin gerð til fylgiskjalanna eða fylgisamninganna, eins og þeim er breytt með fylgiviðaukunum, nema samhengið geri ráð fyrir öðru.

8. gr.

**Gildi samnings þessa og gildistökdagur.**

- 8.01. Samningur þessi er gerður sem viðbótarsamningur við aðalsamninginn samkvæmt ákvæðum 51. greinar hans og skal talinn beinn hluti af aðalsamningnum, svo sem væri hann felldur inn í meginmál hans. Ákvæði aðalsamningsins taka ekki öðrum breytingum en þeim, sem gerðar eru í samningi þessum eða með honum, og halda að öðru leyti fullu gildi. Geri samhengið ekki ráð fyrir öðru, skal sérhver tilvísun til aðalsamningsins, sem gerð er í fylgiskjölunum eða fylgisamningunum, eða einhverjum þeirra, eða aðilar samnings þessa eða fylgisamninganna gera framvegis, talin gerð til aðalsamningsins, svo sem honum er breytt með samningi þessum.
- 8.02. Þegar samningur þessi og fylgiviðaukarnir hafa verið undirritaðir af aðilum og tilkynning verið gefin út svo sem mælt er í 51. gr. aðalsamningsins, skal samningur þessi, með viðfestum endurritum af fylgiviðaukunum, ásamt lagafrumvarpi þar að lútandi, lagður fyrir Alþingi til staðfestingar og samþykktar. Að lokinni staðfestingu og löglegri meðferð skal samningur þessi öðlast gildi („gildistökdagur“) og hafa lagagildi á Íslandi, svo sem kveðið verður á um í staðfestingarlögunum.

ÞESSU TIL STAÐFESTU er samningur þessi undirritaður af hálfu ríkisstjórnarinnar og Alusuisse á þeim degi, sem í upphafi greinir.

Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS

Jóhann Hafstein

Fyrir SWISS ALUMINIUM LIMITED

Emanuel R. Meyer

Paul H. Müller

**FIRST AMENDMENT**

**TO THE MASTER AGREEMENT BETWEEN THE GOVERNMENT OF ICELAND  
AND SWISS ALUMINIUM LIMITED**

**AN AGREEMENT made as of the 28th day of October, 1969**

**BETWEEN**

**THE GOVERNMENT OF ICELAND (hereinafter referred to as the „Government“)  
OF THE FIRST PART**

**AND**

**SWISS ALUMINIUM LIMITED (hereinafter referred to as „Alusuisse“), a company  
organized under the laws of Switzerland  
OF THE SECOND PART**

WHEREAS the Government and Alusuisse have entered into a Master Agreement dated March 28, 1966, ratified by the Act of the Althing No. 76, May 13, 1966 and effective as of September 20, 1966 (hereinafter referred to as the „Master Agreement“), relating, among other things, to the construction and operation of an aluminium reduction plant with appurtenant facilities (hereinafter referred to as the „Smelter“) at Straumsvík in southwest Iceland, owned by Icelandic Aluminium Company Limited (hereinafter referred to as „ISAL“), utilizing power from the generating facilities of Landsvirkjun (The National Power Company, hereinafter referred to as „Landsvirkjun“) and having access to port facilities at Straumsvík owned by the Township of Hafnarfjörður (hereinafter referred to as the „Township“);

WHEREAS the construction of the first stage of the Smelter, having a rated capacity of 60 megawatts, presently is fully completed, and the First Power Delivery Date (PDD I) has occurred pursuant to the provisions of Article 9 of the Master Agreement on October 1, 1969;

WHEREAS ISAL is prepared to cause the first and second enlargements of the Smelter, as these hitherto have been defined in the Master Agreement, having each a rated capacity of 30 megawatts, to be completed in one stage and simultaneously put into operation not later than September 1, 1972;

WHEREAS Alusuisse is prepared to cause ISAL to enlarge the Smelter beyond the aggregate rated capacity of 120 megawatts contemplated by the Master Agreement, by the addition thereto of facilities having a rated capacity of 20 megawatts, and to have such additional enlargement facilities fully constructed and equipped for operation in the summer of 1970;

WHEREAS Landsvirkjun is prepared to make available the power required for the foregoing enlargements of the Smelter, at the times above indicated and thereafter, subject to the initial power price to the Smelter being retained through the latest date originally contemplated under the Master Agreement for the completion of the first and second enlargements of the Smelter;

WHEREAS the Government is prepared to cause the terms and conditions presently applicable under the Master Agreement and Scheduled Contracts to be applied also in respect of the additional enlargement of the Smelter hereinabove mentioned;

WHEREAS The Township and ISAL desire to make certain changes in the arrangement of the payment of a fixed rental in respect of the use of the port facilities at Straumsvik, and have the approval of the Government and Alusuisse therefor;

WHEREAS the Government and Alusuisse desire to amend the Master Agreement as hereinafter provided to give effect to the foregoing;

NOW IT IS HEREBY DECLARED AND AGREED AS FOLLOWS:

#### Article 1

##### Title of this Agreement and Definitions Used Therein

**Section 1.01.** This Agreement shall be known as the First Amendment to the Master Agreement.

**Section 1.02.** Unless the context otherwise requires, the following terms as used in this Agreement and the Scheduled Amendments shall have the meanings assigned to them in the Sections specified of Article 1 of the Master Agreement:

„Government“ .....	Section 1.01 a)
„Alusuisse“ .....	— 1.01 b)
„Landsvirkjun“ .....	— 1.01 c)
„Township“ .....	— 1.01 d)
„ISAL“ .....	— 1.01 e)
„Scheduled Documents“ .....	— 1.02
„Scheduled Contracts“ .....	— 1.02
„PDD I“ .....	— 1.03 o)

**Section 1.03.** The „Scheduled Amendments“ shall mean the documents annexed hereto as Schedules A through C, namely:

- a) The First Amendment to the Power Contract (Schedule A) between Landsvirkjun and ISAL;
- b) The First Amendment to the Smelter Site and Harbor Agreement (Schedule B) between the Township and ISAL;
- c) The First Amendments to the Assistance Agreements (Schedules C 1, C 2 and C 3) between ISAL and Alusuisse.

**Section 1.04.** Unless the context otherwise requires, the following terms as used in this Agreement and the Scheduled Amendments shall have the following meanings:

- a) „Effective Date“ of this Agreement shall mean the date determined as provided in Section 8.02 of this Agreement.
- b) „Ratifying Act“ shall mean the Act of the Althing which gives this Agreement the force of law in Iceland as provided in Section 8.02 of this Agreement.

#### Article 2

##### Amendment of Definitions Used in the Master Agreement and the Scheduled Documents

**Section 2.01.** The introductory sentence of subsection b) of Section 1.03 of the Master Agreement is hereby amended by deleting the words „a rated capacity of 120 megawatts“ in the fifth line thereof and inserting in their place the words „a rated capacity of 140 megawatts“.

**Section 2.02.** Subsection c) of Section 1.03 of the Master Agreement is hereby amended by deleting the words „open-air“ in the first line thereof.

**Section 2.03.** Subsections f), g), h), and i) of Section 1.03 of the Master Agreement are hereby amended to read as follows:

- a) „f) „Second Stage of the Smelter“ shall mean the Smelter as constructed and equipped to have a rated capacity of 80 megawatts“.
- b) „g) „Third Stage of the Smelter“ shall mean the Smelter as constructed and equipped to have a rated capacity of 140 megawatts“.
- c) „h) „Smelter — First Enlargement“ shall mean that portion of the Smelter having a rated capacity of 20 megawatts in excess of the rated capacity of the First Stage of the Smelter“.
- d) „i) „Smelter — Second Enlargement“ shall mean that portion of the Smelter having a rated capacity of 60 megawatts in excess of the rated capacity of the Second Stage of the Smelter“.

### Article 3

#### Amendment of Provisions of the Master Agreement Relating to Determination of Power Delivery Dates

**Section 3.01.** Section 9.03 of the Master Agreement is hereby amended to read as follows:

„Section 9.03. PDD II shall be the date, not earlier than May 1, 1970 and (subject to postponement pursuant to the provisions of Section 9.07) not later than July, 1970, specified by agreement between Landsvirkjun and ISAL or, in the absence of such agreement, PDD II is hereby fixed as July 31, 1970 (subject to postponement pursuant to the provisions of Section 9.07)“.

**Section 3.02.** Section 9.04 of the Master Agreement is hereby amended to read as follows:

„Section 9.04. PDD III shall be the date, not earlier than one year following PDD I and (subject to postponement pursuant to the provisions of Section 9.07) not later than September 1, 1972, specified by agreement between Landsvirkjun and ISAL or, in the absence of such agreement, PDD III is hereby fixed as September 1, 1972 (subject to postponement pursuant to the provisions of Section 9.07)“.

**Section 3.03.** Section 9.07 of the Master Agreement is hereby amended by deleting the words „within two years prior to the date of PDD II or PDD III“ in the first and second lines thereof and inserting in their place the words „within nine months prior to the date of PDD II, or within two years prior to the date of PDD III“.

### Article 4

#### Amendment of Provisions of the Master Agreement Relating to Operations

Section 10.01 of the Master Agreement is hereby amended by deleting the figures „45.000“ and „60.000“ in the sixth line thereof and inserting in their place the figures „40.000“ and „70.000“ respectively.

### Article 5

#### Amendment of Provisions of the Master Agreement Relating to Consolidated Tax

**Section 5.01.** Subsections a), b), c), and d) of Section 25.02 of the Master Agreement are hereby amended to read as follows:

- a) „a) from the commencement of operations until the sixth anniversary of PDD I (i.e. October 1, 1975) ..... US \$ 12.50“
- b) „b) from the sixth anniversary of PDD I until the fifteenth anniversary of PDD I (i.e. October 1, 1984) ..... US \$ 20.00“



- c) „c) from the fifteenth anniversary of PDD I until the fifteenth anniversary of PDD II (anticipated to be in or prior to July, 1985) ..... US \$ 26.43“
- d) „d) from the fifteenth anniversary of PDD II until the fifteenth anniversary of PDD III (anticipated to be on or prior to September 1, 1987) ..... US \$ 28.57“

**Section 5.02.** Section 27.01 of the Master Agreement is hereby amended by deleting the figure „US \$ 200.000“ in the sixth line thereof and inserting in its place the figure „US \$ 235.000“.

**Section 5.03.** Section 28.01 of the Master Agreement is hereby amended, firstly, by deleting the figure „15.000“ in subsection b) thereof and inserting in its place the figure „13.500“, and, secondly, by deleting the figure „20.000“ in subsection c) thereof and inserting in its place the figure „23.500“.

#### Article 6

##### Amendment of General Tax and Fiscal Provisions of the Master Agreement

**Section 6.01.** Subsection l) of Section 31.01 of the Master Agreement is hereby amended to read as follows:

„l) A Building License Fee for the Smelter as constructed and equipped with a rated capacity of 140 megawatts to the Township in the amount of one million, five hundred thousand kronur (Kr. 1.500.000), payable January 1, 1967, together with the amount of two hundred and fifty thousand kronur (Kr. 250.000), payable January 1, 1970“.

**Section 6.02.** Subsection m) of Section 31.01 of the Master Agreement is hereby amended to read as follows:

„m) A Street Paving Charge for the Smelter as constructed and equipped with a rated capacity of 140 megawatts to the Township in the amount of three million, five hundred thousand kronur (Kr. 3.500.000), payable January 1, 1967, together with the amount of five hundred and eightyfive thousand kronur (Kr. 585.000), payable January 1, 1970“.

#### Article 7

##### Relation to Amendments of the Scheduled Contracts

**Section 7.01.** Concurrently with the signing of this Agreement, the Scheduled Amendments shall be signed by the parties thereto in the form of Schedules A through C hereto. The Government and Alusuisse shall affirm their consent to the respective Scheduled Amendments by their several signatures thereunder.

**Section 7.02.** The Scheduled Amendments shall each become an integral part of the respective Scheduled Documents and Scheduled Contracts and, unless the context otherwise requires, any reference to the Scheduled Documents or the Scheduled Contracts, or any of them, made in the Master Agreement (as amended hereby) or otherwise made hereafter by the Parties hereto or the parties to the Scheduled Contracts, shall be deemed to be made to the Scheduled Documents or the Scheduled Contracts as amended by the Scheduled Amendments.

#### Article 8

##### Status of this Agreement and Effective Date

**Section 8.01.** This Agreement is made as a supplemental agreement to the Master Agreement pursuant to the provisions of Article 51 thereof and shall be deemed to be an integral part of the Master Agreement as fully as if it were incorporated therein. Except as modified herein or hereby, the provisions of the Master Agreement shall not be changed or affected and shall remain in full force and

effect. Unless the context otherwise requires, any reference to the Master Agreement made in the Scheduled Documents or the Scheduled Contracts, or any of them, or otherwise made hereafter by the Parties hereto or the parties to the Scheduled Contracts shall be deemed to be a reference to the Master Agreement as amended by this Agreement.

**Section 8.02.** Upon the signing of this Agreement and the Scheduled Amendments by the parties hereto and thereto, and upon notice being given as provided in Article 51 of the Master Agreement, this Agreement, with copies of the Scheduled Amendments annexed, accompanied by a Law Bill related thereto, shall be submitted to the Althing for ratification and approval. Upon ratification and the completion of all other legislative requirements, this Agreement shall become effective („Effective Date“) and have the force of law in Iceland as provided in the Ratifying Act.

IN WITNESS WHEREOF, this Agreement has been signed on behalf of the Government and Alusuisse as of the date first above written.

**THE GOVERNMENT OF ICELAND**

**By Jóhann Hafstein**

**SWISS ALUMINIUM LIMITED**

**By Emanuel R. Meyer**

**Paul H. Müller**

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er ráðgert að lögfesta samningsgerð ríkisstjórnarinnar og Swiss Aluminium Limited (Alusuisse) um viðauka við aðalsamninginn frá 28. marz 1966 um álbræðslu við Straumsvík, en samning aðilanna um viðauka þennan undirritaði iðnaðarmálaráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar hinn 28. október s. l., með fyrirvara um staðfestingu af hálfu Alþingis.

Til þess er ætlað, að hinn nýi samningur fái að öllu leyti sömu meðferð og aðalsamningurinn, er staðfestur var á sínum tíma með lögum nr. 76/1966, sem jafnframt veittu honum lagagildi. Eru þá m. a. höfð í huga þau ákvæði 51. gr. aðalsamningsins, að breytingar á honum skuli lagðar fyrir Alþingi til staðfestingar. Samningurinn er og gerður í því formi, sem hæfir breytingum á aðalsamningnum, en efnislega er fremur um viðauka en breytingu að tefla.

Samningurinn, sem nefndur er fyrsti viðauki við aðalsamninginn, fjallar um tvennt að meginefni til. Annars vegar er því slegið föstu, að byggingu síðari áfanga álbræðslunnar, þ. e. síðari kerskálans og þeim mannvirkjum, sem honum fylgja, verði hraðað til verulegra muna frá því, sem fyrri skuldbindingar stóðu til. Skal þeirri uppbyggingu að fullu lokið hinn 1. september 1972, en fyrri frestur náði til ársins 1975. Hins vegar er svo um samið, að framleiðslumannvirki álbræðslunnar verði stækkuð að  $\frac{1}{2}$  hluta umfram það mark, sem gildandi samningar náðu til, þ. e. úr 120 í 140 megawatta málraun. Gerist þetta með lengingu fyrri keraskálans, sem nú er fullbyggður miðað við 60 megawatta málraun, og skal henni lokið ekki síðar en í júlímánuði 1970. Svarar þetta til 10—11 þús. lesta hækkunar á árlegri afkastagetu álbræðslunnar, þ. e. úr 60—66 þús. lestum í 70—77 þús. lestir á ári samanlagt. Er til þess ætlað, að viðbótaráfangi þessi verði að öllu leyti háður sömu samningsskilmálum og álbræðslan er nú samkvæmt gildandi samningum.

Jafnframt þessu er ráðgerð breyting á tilhögun þeirri, sem áður var um samið varðandi greiðslu álbræðslunnar á stofnkostnaði hafnarmannvirkja í Straumsvík. Samkvæmt gildandi hafnar- og lóðarsamningi milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Íslenzka Álfélagsins hf. (ISALs) skyldi félagið greiða jafnvirði þessa kostnaðar með annuitetsgreiðslum á 25 árum, og kæmi sú greiðsla í stað vörugjalda í höfninni á sama tímabili. Í þess stað er nú ráðgert, að félagið greiði kostnaðinn með afborgunum, sem lokið verði á 15 árum. Er greiðsluskilmálum komið þannig fyrir, að þeir geti fallið saman við greiðslur af láni því, sem ríkissjóður hyggst taka til að standa straum af hafnarframkvæmdunum, og mun félagið þá í raun verða beinn greiðandi að láninu. Eru ríkissjóður og Hafnarfjarðarkaupstaður þar með firrtir þeirri áhættu að þurfa að greiða niður hafnarkostnaðinn á skemmri tíma en þeim, sem álfélaginu var ætlaður til endanlegrar greiðslu á honum.

Samningar um þetta síðasttalda atriði hafa aðallega verið í höndum Seðla-banka Íslands, sem annast mun um útvegum á framangreindu láni. Um aðdraganda samningsgerðarinnar að öðru leyti ber að vísa til skýrslu iðnaðarmálaráðuneytisins dags. 13. maí 1969, er útbýtt var meðal alþingismanna, áður en þingi var slitið í maímánuði s. l. Er hún prentuð sem fylgiskjal með greinargerð þessari. Svo sem þar kemur fram, átti iðnaðarmálaráðherra viðræður við fyrirsvarsmenn Alusuisse og ISALs í Zürich í septembermánuði 1968 um hina samningsbundnu stækkun álbræðslunnar. Hinir svissnesku aðilar töldu þá, að ISAL yrði reiðubúið til þess að flýta áður ákveðnum framkvæmdum þannig, að þeim yrði að fullu lokið árið 1972 í stað 1975, en þó ekki svo, að unnt væri að gera um það bindandi samninga að svo stöddu. Þessum viðræðum var svo fram haldið í Reykjavík á s. l. vori, er fyrirsvarsmenn Alusuisse komu hingað til aðalfundar ISALs hinn 30. apríl 1969. Var þá einnig rætt um þá viðbótarstækkun álbræðslunnar, sem

hinn nýi samningur gerir ráð fyrir, en hún hafði komið til umræðu nokkru áður milli fyrirsvarsmanna ISALs og Landsvirkjunar. Niðurstaðan varð sú, sem fyrr segir, að umsömdum stækkunarframkvæmdum skyldi flýtt til ársins 1972 og viðbótarstækkun fyrri kerskálans framkvæmd þegar á næsta ári. Fyrirsvarsmenn Alusuisse höfðu hug á því að semja nú einnig um sams konar stækkun síðari kerskálans á árunum 1972—74, en af hálfu Landsvirkjunar var ekki talið fært að ganga frá því máli, fyrr en frekari gögn lægju fyrir um næstu virkjanir fyrir-tækisins.

Ákvæði gildandi samninga um byggingu álbræðslunnar og hraða framkvæmda er aðallega að finna í 6. og 9. gr. aðalsamningsins, sbr. málsgr. 1.03 e), f), g), h) og i) um skýrgreiningu hinna þriggja áfanga byggingarinnar og málsgr. 1.03 o), p) og q) um skýrgreiningu á þeim afhendingardögum rafmagns (AR I—III), sem tiltaka átti fyrir hvern þeirra. Í fyrsta áfanga skyldu byggð bræðslumannvirki með 60 MW málraun. Samkvæmt þessu hefur nú verið reistur í Straumsvík kerskála með 120 bræðslukerum, og munu ársafköst hans verða 30—33 þús. lestir af fullunnu áli. Afhendingardagur rafmagns vegna þessa áfanga (AR I) var tiltekinn af Landsvirkjun samkvæmt málsgr. 9.02 í aðalsamningnum, og varð hann hinn 1. október 1969.

Hinir síðari afhendingardagar voru miðaðir við AR I, þannig að AR II yrði þremur árum síðar (1. október 1972) og AR III sex árum síðar (1. október 1975), nema samkomulag tækist um annað. Fyrir AR II skyldu byggð bræðslumannvirki með 30 MW málraun (60 bræðsluker, 15—16.5 þús. lesta ársafköst), og yrði það fyrri stækkun bræðslunnar. Fyrir AR III, við síðari stækkun, skyldi aftur bætt við hinu sama. Væri þá fenginn annar kerskáli jafnstór þeim, sem byggður var í fyrsta áfanga. Hefði álbræðslan þá náð 120 MW málraun og 60—66 þús. lesta ársafköstum samanlagt.

Við gerð viðaukasamninganna var talið hentast að hafa þá aðferð að fella ákvæði hinna upphaflegu samninga um AR II og fyrri stækkun bræðslunnar að hinni nýju viðbótarstækkun á næsta ári, en ákvæðin um AR III að byggingu síðari kerskálans, sem nú verður framkvæmd í einu lagi og lokið sumarið 1972. Samkvæmt því verður AR II nú miðaður við mannvirki með 20 MW málraun (40 bræðsluker, 10—11 þús. lesta ársafköst), sem tekin verði í notkun í júlí 1970 eða fyrr, og AR III við mannvirki með 60 MW málraun (120 bræðsluker, 30—33 þús. lesta ársafköst), sem tekin verði í notkun árið 1972. Í töfluformi lítur breytingin þannig út, og er þá einnig sýnd sú breyting á hámarki orkukaupa bræðslunnar, sem henni fylgir, sbr. málsgr. 7.01 í rafmagnssamningnum:

Frestur til framkvæmda		Málraun/Aflþörf		Hámarksorka		Lágmarksorka		Ársafköst (lestir)		
				(GWst. á ári)		(GWst. á ári)				
Áður	Nú	Áður	Nú	Áður	Nú	Áður	Nú	Áður	Nú	
AR I	1. okt. 1969	1. okt. 1969	60 MW	60 MW	530	530	450	450	30—33000	30—33000
AR II	1. okt. 1972	31. júlí 1970	30	— 20	265	177	225	150	15—16500	10—11000
AR III	1. okt. 1975	1. sept. 1972	30	— 60	265	530	225	450	15—16500	30—33000
AR I—III samtals			120	— 140	1060	1237	900	1050	60—66000	70—77000

Þar sem aðferð þessi er viðhöfð, verða hinar formlegu breytingar á samningunum einkum fölgjar í breytingu á þeim skýrgreiningum, sem ráðandi eru um stærð álbræðslunnar og gang framkvæmda, svo sem viðaukarnir bera með sér. Hinar efnislegu breytingar falla þá að öðru leyti sjálfkrafa inn í heildarform samninganna. Þar sem byggt hefur verið á sérstökum tölum miðuðum við fyrri áfanga-stærð bræðslunnar, svo sem í 10. gr. aðalsamningsins um lágmarksafköst og 7. gr. rafmagnssamningsins um orkumagn o. fl., hefur þeim tölum verið breytt í réttu

hlutfalli við þá breytingu, sem gerð er með hinum nýju skýrgreiningum á stærð annars og þriðja áfanga.

Til þess er ætlað samkvæmt hinum nýju samningum, að upphaflegt rafmagnsverð til álbræðslunnar haldist óbreytt út þann tíma, sem áður var ætlaður til að ljúka síðari áföngum bræðslunnar, þ. e. til 1. október 1975. Er það sama niðurstaða og verða mundi samkvæmt gildandi samningum, ef framkvæmdum væri ekki flýtt. Verð þetta er 3.0 Bandaríkjamill (nú 26.4 aurar) á kWst, sbr. gr. 13.01 a) í rafmagnssamningnum. Átti það að lækka í 2.5 Bandaríkjamill (nú 22 aura) á kWst á AR III, og skyldi grunnupphæð framleiðslugjalds álbræðslunnar hækka á sama tíma úr \$ 12.50 (nú kr. 1 100.00) á lest í \$ 20.00 (nú kr. 1 760.00) á lest. Talið er rétt að halda þessari breytingu við það tímamark, sem upphaflega gildi, einkum með tilliti til þess, að hinn aukni framkvæmdahraði kallar á órari uppbyggingu virkjana Landsvirkjunar en annars mundi verða. Er nú ráðgert að setja upp þrjár seinni vélasamstæðurnar í Búrfellsstöð veturinn 1971—72 og að ljúka miðlunarframkvæmdum við Þórisvatn fyrir sama tíma. Jafnframt má ætla, að Landsvirkjun muni þurfa á nýrri virkjun að halda í árslok 1974, í stað ársloka 1976, sem verið hefði án viðbótarstækkunar álbræðslunnar. Hinn aukni hraði er að sjálfsgöðu hagnafelldur Landsvirkjun, en af honum leiðir það í upphafi, að fyrirtækið hefur minna eigið fé handbært til fjárfestingar í hinum nýju framkvæmdum en verða mundi, ef þær ættu sér stað síðar á starfsferli álbræðslunnar.

Framangreindar breytingar á samningum um álbræðsluna munu leiða til mun meira samhengis í verkframkvæmdum í Straumsvík en ella hefði verið. Framkvæmdir við hina nýju 20 MW viðbótarstækkun koma í beinu framhaldi af byggingarframkvæmdum við fyrsta áfanga álbræðslunnar. Mun vinna við þá stækkun standa fram á næsta sumar, en samkvæmt byggingaráætlun mun henni lokið skömmu fyrir 1. júlí 1970. Áætlanagerð fyrir byggingu síðari kerskálans verður þá byrjuð. Má ætla, að undirbúningsvinna við þá stækkun hefjist þegar að lokinni hinni fyrri stækkun, og verkframkvæmdir síðan upp úr áramótum 1970—71.

Af breytingunum leiðir einnig stórfellda aukningu á tekjum íslenskra aðila af orkukaupum álbræðslunnar og skattgreiðslum. Tekjur Landsvirkjunar má áætla með nokkru öryggi fyrstu 15 árin eftir AR I, þ. e. frá 1. október 1969 til 1. október 1984. Á þessu tímabili verður rafmagnsverð 3.0 mill (26.4 aurar) 6 fyrstu árin og 2.5 mill (22 aurar) síðustu 9 árin, en að því liðnu taka við breytingar á rafmagnsverði samkvæmt ákvæðum 14. gr. rafmagnssamningsins. Samanburður á brúttótekjum Landsvirkjunar fyrir tímabil þetta í heild lítur þannig út, miðað við þá ársorku, sem ætla má, að álbræðslan muni nýta að meðaltali:

1. Með auknum framkvæmdahraða og viðbótarstækkun:

Sala til 1. áfanga, 500 millj. kWst. á ári frá 1. okt. 1969 .....	1 782.0 m.kr.
Sala til 2. áfanga, 165 millj. kWst. á ári frá 1. júlí 1970 .....	555.4 —
Sala til 3. áfanga, 500 millj. kWst. á ári frá 1. sept. 1972 .....	1 397.0 —

Samtals 3 734.4 m.kr.

2. Að óbreyttum samningum, án hraðaaukningar:

Sala til 1. áfanga, 500 millj. kWst. á ári frá 1. október 1969 .....	1 782.0 m.kr.
Sala til 2. áfanga, 250 millj. kWst. á ári frá 1. október 1972 .....	561.0 —
Sala til 3. áfanga, 250 millj. kWst. á ári frá 1. október 1975 .....	495.0 —
	<hr/> 2 838.0 m.kr.

Mismunur 896.4 m.kr.

Af þessum mismun í brúttótekjum mun mjög verulegur hluti koma fram sem aukning á hreinum tekjum (nettótekjum), þar sem framleiðslugeta Búrfellsvirkjunar nýtist miklu fyrr en ella. Þannig telur Landsvirkjun í greinargerð sinni dags. 5. maí s. l., sem fylgir áðurnefndri skýrslu iðnaðarmálaráðuneytisins, sbr. fylgiskjal A, að nettótekjur fyrirtækisins árin 1969—1985 mundu verða um 465 millj. kr. hærri með viðbótarstækkun álbræðslunnar en án hennar, og er þá tekið nauðsynlegt tillit til þeirrar fjárfestingar í nýjum virkjunum, sem stækkunin kallar á, þegar frá liður.

Á tekjum af framleiðslugjaldi álbræðslunnar verður einnig veruleg aukning, og það enda þótt hækkun á grunntaxta gjaldsins úr \$ 12.50 í \$ 20.00 miðist áfram við 1. október 1975, sbr. framanritað. Við samanburð á tekjum þessum er einnig hentugt að líta á hvern áfanga bræðslunnar um sig, m. a. þar sem hverjum áfanga er ætlaður sinn afskriftatími samkvæmt samningunum, þ. e. 15 ár frá viðkomandi afhendingardegi rafmagns, sbr. málsgr. 27.04 a) í aðalsamningnum. Samanburður sá, sem hér fer á eftir, miðast eingöngu við grunntaxta framleiðslugjaldsins samkvæmt málsgr. 25.02 í aðalsamningnum. Sá taxti er í fyrstu \$ 12.50 (kr. 1 100.00) á lest, sem fyrr segir. Frá 1. október 1975 verður hann sem svarar \$ 20.00 (kr. 1 760.00) á lest fyrir hvern áfanga, meðan á afskriftum hans stendur, en hækkar að þeim loknum í \$ 35.00 (kr. 3 080.00) á lest, þ. e. eftir 15 ár frá AR I, AR II og AR III, eftir því sem við á. Verður nánar vikið að þeirri meðaltalstilgreiningu taxtans, sem á þessu er byggður, í athugasemdum við breytingar á málsgr. 25.02 hér á eftir. Við samanburðinn er gert ráð fyrir því, að ISAL muni takast að ná afköstum sem svarar 10% umfram það mark, sem miðað er við í 10. gr. aðalsamningsins, þ. e. 33 þús. lestum á ári í stað 30 þús. o. s. frv., og mun það ekki ofætlað svo verulegu nemi. Verður samanburðurinn þá sem hér segir (talið í millj. kr.):

	Til 1. okt. 1975 M.kr.	Til 1. okt. 1978 M.kr.	Til 1. okt. 1984 M.kr.	Til 1. okt. 1994 M.kr.
<b>1. Með auknum framkvæmdahraða og viðbótarstækkun:</b>				
Gjald v. 1. áfanga, af 33 þús. lestum á ári frá 1. október 1969 (taxtabr. 1. okt. 1975 og 1. okt. 1984) .....	217.8	392.0	740.5	1 756.9
Gjald v. 2. áfanga, af 11 þús. lestum á ári frá 1. júlí 1970 (taxtabr. 1. okt. 1975 og 1. júlí 1985) .....	63.5	121.6	237.8	565.7
Gjald v. 3. áfanga, af 33 þús. lestum á ári frá 1. sept. 1972 (taxtabr. 1. okt. 1975 og 1. sept. 1987) .....	111.9	286.2	634.6	1 524.0
<b>Samtals</b>	<b>393.2</b>	<b>799.8</b>	<b>1 612.9</b>	<b>3 846.6</b>
<b>2. Að óbreyttum samningum, án hraðaaukningar:</b>				
Gjald v. 1. áfanga, af 33 þús. lestum á ári frá 1. október 1969 (taxtabr. 1. okt. 1975 og 1. okt. 1984) .....	217.8	392.0	740.5	1 756.9
Gjald v. 2. áfanga, af 16.5 þús. lestum á ári frá 1. október 1972 (taxtabr. 1. okt. 1975 og 1. okt. 1987) .....	54.5	141.6	315.8	758.7
Gjald v. 3. áfanga, af 33 þús. lestum á ári frá 1. október 1975 (taxtabr. 1. okt. 1990) .....	—	87.1	261.4	638.9
<b>Samtals</b>	<b>272.3</b>	<b>620.7</b>	<b>1 317.7</b>	<b>3 154.5</b>
<b>Mismunur 1 og 2 .....</b>	<b>120.9</b>	<b>179.1</b>	<b>295.2</b>	<b>692.1</b>

Ef gert væri ráð fyrir auknum framkvæmdahraða án viðbótarstækkunar, ásamt hækkun á framleiðslugjaldi úr \$ 12.50 í \$ 20.00 haustið 1972 í stað 1975, yrði heildargjald árána 1969—1994 sem næst 3 405 millj. kr. Tekjurnar yrðu þá nokkru hærri en samkvæmt lið 1 eftir árin 1973—1978, en þegar á árinu 1979 færu tekjur samkvæmt lið 1 endanlega fram úr.

Samanburðurinn tekur yfir öll þau 25 ár, sem núverandi samningar um framleiðslugjaldið ná til. Hinn 1. október 1994 tekur við nýtt gjald, ef samningar haldast áfram í gildi eftir þann tíma. Niðurstaðan miðað við 1. október 1984 er hér sýnd til samanburðar við áætlaðar tekjur af orkusölu til sama tíma hér að framan, og niðurstaðan miðað við 1. október 1978 er tilfærð með tilliti til þess, að hluti Hafnarfjarðarkaupstaðar í gjaldinu mun þá lækka úr 25% í 20%, sbr. a-lið 3. gr. laga nr. 69/1966 um Atvinnuöfnunarsjóð. Hluti Atvinnuöfnunarsjóðs hækkar þá úr 70.9% í 75.9%, en hluti Iðnlánasjóðs er ákveðinn frá upphafi 4.1%. Að óbreyttum lögum þessum mundu heildartekjur árána 1969—1994 samkvæmt lið 1 hér að framan væntanlega skiptast sem hér segir:

Atvinnuöfnunarsjóður .....	2 879.6 m.kr.
Iðnlánasjóður .....	157.7 —
Hafnarfjarðarkaupstaður .....	809.3 —

Samtals 3 846.6 m.kr.

Ítreka ber, að samanburður þessi er miðaður við grunntaxta framleiðslugjaldsins einvörðungu. Tekur hann ekki tillit til breytinga, sem verða kunna á gjaldinu vegna breytinga á heimsmarkaðsverði áls, sbr. 26. gr. aðalsamningsins, en samkv. henni hækkar gjaldið um \$ 7.00 á lest eða hlutfallslega fyrir hvert cent eða brot úr centi, sem verð þetta hækkar fram yfir 27 cent á enskt pund, og lækkar að sama skapi, ef verð fer undir 22 cent á pund. Breytingar af þessu tagi fara fram óháð því, hver grunntaxtinn er á hverjum tíma, og hefur hinn nýi samningur ekki áhrif á þær. Að undanfögnu hefur eftirspurn eftir áli verið mjög mikil miðað við framboð og álverð hækkað tiltölulega ört. Hefur verðið nýlega náð 27.5 centum á pund, og veldur það hækkun á framleiðslugjaldinu sem nemur \$ 3.50 á lest, þannig að það er nú samtals \$ 16.00 (kr. 1 408.00) á lest. Sé tillit tekið til þessarar hækkunar, breytist framangreindur samanburður þannig að heildarniðurstöðu til:

	Til 1. okt. 1975 M.kr.	Til 1. okt. 1978 M.kr.	Til 1. okt. 1984 M.kr.	Til 1. okt. 1994 M.kr.
1. Heildargjald með auknum framkvæmdahraða og viðbótarstækkun .....	503.3	981.1	1 936.5	4 407.3
2. Heildargjald að óbreyttum samningum, án hraðaaukningar .....	348.5	757.9	1 576.9	3 617.0
Mismunur 1 og 2 .....	154.8	223.2	359.6	790.3

Með hækkun þessari verður því framleiðslugjaldið sem svarar 50 milljón dollurum samtals á 25 árum, og nemur hækkunin sjálf kr. 560.7 millj. af þeirri fjárhæð miðað við núverandi gengi. Ekki virðist ástæða til að ætla, að álverð lækki aftur á næstunni, og eru líkurnar fremur í þá átt, að það fari enn hækkandi í náinni framtíð. Vitað er að vísu, að framboð á áli mun aukast stórlega á árunum 1971—72 við tilkomu nýrra álvera, sem nú eru á undirbúningsstigi, en óvíst er, að það muni orka til verðbreytingar.

Á samanburðinn verður og að líta með þeim fyrirvara um endanlega fjárhæð gjaldsins, sem leiðir af ákvæðum málsg. 27.05 í aðalsamningnum um endurgreiðslu þess að því leyti, sem það kann að fara fram úr 50% af nettótekjum ISALs á ein-

hverju ári. Sá fyrirvari mundi þó aðeins hafa áhrif á gjaldtekjur árána 1984—1994, ef á hann reynir á annað borð.

Viðaukasamningar þeir, sem gerðir hafa verið, eru sem hér segir:

1. Fyrsti viðauki við aðalsamning, milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse.
2. Fyrsti viðauki við rafmagnssamning, milli Landsvirkjunar og ISALs.
3. Fyrsti viðauki við hafnar- og lóðarsamning, milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og ISALs.
4. Fyrsti viðauki við aðstoðarsamning — hönnun og byggingu, milli ISALs og Alusuisse.
5. Fyrsti viðauki við aðstoðarsamning — rekstur, milli ISALs og Alusuisse.
6. Fyrsti viðauki við aðstoðarsamning — sölu, milli ISALs og Alusuisse.

Viðaukar hafa þannig verið gerðir við hvern einstakan þeirra samninga, sem í gildi eru um álbræðsluna, en samningur um framkvæmdatryggingu milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, er var fylgiskjal D með aðalsamningnum, hefur nú runnið skeið sitt. Eru aðilar að viðaukunum hinir sömu og var að viðkomandi samningum og innbyrðis afstaða þeirra óbreytt að öllu leyti. Efni viðaukanna er einskorðað við það, sem við þarf til staðfestingar á því samkomulagi um aukinn framkvæmdahraða, viðbótarstækkun og tilfærslu á greiðslu hafnarkostnaðar, sem lýst var hér að framan. Eru þeir allir gerðir í samræmi við ákvæði samninganna um breytingar og verða hver um sig beinn hluti af viðkomandi samningi. Viðaukarnir eru þannig háðir öllum hinum almennu gildisákvæðum hinna upphaflegu samninga, þótt slíkt sé ekki beint fram tekið, svo sem ákvæðum um vanefndir og riftun, lög þau, sem eftir skal farið, deilur og gerð, samningstíma, tilkynningar, tungumál og heildarskilning. Eru hinir íslenzku og ensku textar þeirra háðir jafngildir.

Fyrsti viðauki við aðalsamninginn er prentaður hér að framan sem hluti af frumvarpinu, á íslenzku og ensku, en fylgiviðaukarnir, sem svo eru nefndir til samræmis við hina upphaflegu fylgisamninga, eru prentaðir á íslenzku hér á eftir, ásamt athugasemdum við þá.

#### Um fyrsta viðauka við aðalsamninginn.

Í inngangsorðum er gerð grein fyrir aðdraganda samningsins, og í 1. gr. hans er fjallað um skýrgreiningar, sem í honum eru notaðar. Er hvort tveggja í líkingu við samsvarandi ákvæði aðalsamningsins sjálfs og mun ekki þarfnast nánari skýringar.

Í 2. gr. viðaukans eru gerðar þær breytingar á ráðandi skýrgreiningum um stærð álbræðslu ISALs í Straumsvík, sem að var vikið hér að framan. Hækkar samantögn málraun bræðslunnar úr 120 í 140 megawött (málsgr. 2.01) og málraun hinna einstöku áfanga hennar breytist úr 60 + 30 + 30 í 60 + 20 + 60 megawött (málsgr. 2.03). Hefur breytingin bein áhrif á efni allra ákvæða aðalsamningsins, sem byggja á skýrgreiningum þessum.

Breyting sú, sem felst í málsgr. 2.02, er gerð til staðfestingar á heimild ISALs til að byggja yfir tengivirki sitt í Straumsvík, sem tekur við rafmagninu úr háspennulínu Landsvirkjunar. Hefur ISAL þegar gert þá ráðstöfun með samkomulagi við Landsvirkjun, og veitir hún aðilunum auknið öryggi í rekstri.

Í 3. gr. samningsins eru síðan gerðar viðeigandi breytingar á þeim ákvæðum aðalsamningsins, sem ráðandi eru um hraða framkvæmda við síðari áfanga bræðslunnar. Samkvæmt þeim verður AR II, sem vera skal afhendingardagur rafmagns til viðbótarstækkunar fyrri kerskálans, í júlí 1970 eða fyrr (málsgr. 3.01), og AR III, sem verður afhendingardagur rafmagns til síðari kerskálans, 1. september 1972 eða fyrr (málsgr. 3.02), hvort tveggja eftir nánara samkomulagi milli Landsvirkjunar og ISALs. Þess er að vænta, að rafmagnsafhending hefjist í hvort sinn nokkru



fyrir hina tilteknu daga, sbr. m. a. ákvæði málgsg. 9.02 í rafmagnssamningnum um það efni.

Með ákvæðum málgsg. 3.03 er stýtt það tímabil, sem miða ber við um áhrif óviðráðanlegra afla á ákvarðanir um dagsetningu AR II, þ. e. úr 2 árum í níu mánuði.

Með 4. gr. samningsins er magnildum þeim, sem miðað var við í 10. gr. aðalsamningsins um árleg lágmarksafköst bræðslunnar, breytt úr 30 000 < 45 000 < 60 000 lestum í 30 000 < 40 000 < 70 000 lestir á ári. Er breytingin í réttu hlutfalli við hina breyttu málraun bræðslunnar samkvæmt ákvæðum 2. gr. að framan.

Með ákvæðum málgsg. 5.01 eru ákvæði málgsg. 25.02 í aðalsamningnum um hækkun framleiðslugjalds ISALs við lækkun rafmagnsverðs á árinu 1975 og að loknum afskriftatíma bræðslunnar á árunum 1984—1987 færð til samræmis við það, sem verður við gerðar breytingar á áfangastærð bræðslunnar og framkvæmdahraða. Samkvæmt a)-lið verður grunntaxti framleiðslugjaldsins \$ 12.50 á lest til sjötta árdags AR I, þ. e. til 1. október 1975. Frá þeim tíma og til fimmtánda árdags AR I, þ. e. 1. október 1984, verður hann \$ 20.00 á lest, sbr. b)-lið. Er þá lokið afskrift á 1. áfanga bræðslunnar, þ. e.  $\frac{3}{4}$  hlutum hennar miðað við afkastamagn. Á því taxtinn fyrir framleiðslu þess áfanga að hækka í 35 dollara á lest, en  $\frac{1}{4}$  hlutar framleiðslunnar verða áfram á 20 dollara taxa. Er hækkun taxtans ákveðin miðað við meðaltal þessara talna, og verður hann þá \$ 26.43 á lest, sbr. c)-lið. Á fimmtánda árdegi AR II, sem væntanlega verður í júlí 1985 eða fyrr á því ári, lýkur afskriftum 2. áfanga. Eru  $\frac{3}{4}$  hlutar framleiðslunnar þá komnir í hærri gjaldflokkinn, og hækkar taxtinn samkvæmt því í \$ 28.57 á lest, sbr. d)-lið. Á fimmtánda árdegi AR III, þ. e. 1. september 1987 eða fyrr, verður öllum afskriftum lokið, og verður taxtinn eftir það \$ 35.00 á lest til 1. október 1994, sbr. staflið e) í málgsg. 25.02 í aðalsamningnum, sem stendur óbreyttur.

Forsendur greindra breytinga á ákvæðum stafliða c) og d) í málgsg. 25.02 eru að öllu leyti hinar sömu og farið var eftir við upphaflega gerð samninganna. Felst ekki í þeim nein lækkun á framleiðslugjaldinu, heldur hækkar það í réttu hlutfalli við aukinn framkvæmdahraða og aukið afkastamagn.

Með málgsg. 5.03 er ákvæðum málgsg. 28.01 í aðalsamningnum um hámark þess, eftir AR III, sbr. málgsg. 27.01 í aðalsamningnum, hækkað í réttu hlutfalli við umsamda aukningu heildarafkasta, þ. e. sem næst að  $\frac{1}{6}$  hluta.

Með málgsg. 5.03 er ákvæðum málgsg. 28.01 í aðalsamningnum um hámark þess, sem ISAL má safna af framleiddum birgðum heima fyrir án þess að til skattgreiðslu komi, breytt í réttu hlutfalli við gerðar breytingar á áfangastærð bræðslunnar.

Samkvæmt 6. gr. mun ISAL greiða gátnagerðar- og byggingarleyfisgjald til Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna 20 MW viðbótarstækkunarinnar á næsta ári. Verður gjalddagi þeirra hinn 1. janúar n. k. Gjöldin eru tiltekin í réttu hlutfalli við það, sem greitt var vegna bræðslunnar í upphafi, eins og heildarstærð hennar var þá ráðgerð, miðað við afkastamagn. Eru þau hærri en verða mundi, ef miðað væri við aukið rúmmál bygginga á bræðslulóðinni.

Ákvæði 7. gr. viðaukasamningsins fjalla um tengsl hans við gildandi fylgisamninga og breytingar þær, sem á þeim eru gerðar með fylgiviðaukunum, sbr. og niðurlag málgsg. 8.01. Verður aðalsamningurinn áfram ráðandi í skiptum aðila samkvæmt samningunum, eftir því sem við á. Tilvísanir í hann í fylgisamningunum teljast gerðar til hans, svo sem hann er með áorðnum breytingum og öfugt.

Í 8. gr. er síðan fjallað um gildistöku viðaukans. Verður hann beinn hluti af aðalsamningnum (málgsg. 8.01), með þeim hætti, sem lýst var hér að framan. Gildi hans og hinna viðaukana verður háð samþykki Alþingis, svo sem samningar standa til (málgsg. 8.02). Gert er ráð fyrir, að tilkynning samkvæmt 51. gr. aðalsamningsins verði út gefin við staðfestingu forseta á frumvarpinu, ef að lögum verður.

## Fylgiskjal I.

**ÍÐNAÐARMÁLARÁÐUNEYTIÐ**  
13. maí 1969.

### **GREINARGERÐ UM AUKINN HRAÐA VIÐ BYGGINGU ÁLBRÆÐSLU Í STRAUMSVÍK OG STÆKKUN HENNAR**

#### **Skýrsla um álsamning.**

Á s. l. hausti í septembermánuði átti iðnaðarmálaráðherra viðræður við forstjóra Alusuisse og stjórnarmeðlimi ÍSAL í Zürich um þann möguleika, að hraðað yrði uppbyggingu álbræðslunnar í Straumsvík í full afköst umfram það, sem gert var ráð fyrir við samningsgerðina 1966. Samkvæmt henni voru skuldbindingar þær að hafa lokið byggingu 30—33 þús. tonna verksmiðju 1969, síðan að bæta við 15 þús. tonnum þrem árum síðar og loks 15 þús. tonnum öðrum þrem árum þar á eftir, það er að segja, að full framleiðsla væri þá komin í gang á árinu 1975, 60—66 þús. tonna ársframleiðsla. Hinir svissnesku aðilar gáfu þá fyrirheit um, þó ekki endanlegar skuldbindingar, að byggingarhraðinn yrði aukinn þannig, að fullum afköstum skyldi vera náð árið 1972. Þessi mál höfðu áður verið rædd við Landsvirkjun, en að sjálfsgöðu er öll samningsgerð hér að lútandi háð því, að hún treysti sér til að afhenda raforku á fyrra stigi en áður voru skuldbindingar um. Fulltrúar stjórnar Landsvirkjunar höfðu talið mjög líklegt, að Landsvirkjun væri hagkvæmara að byggingarframkvæmdum yrði hraðað. Af hálfu ríkisstjórnarinnar var það einnig talið skipta verulegu máli, að bæði byggingarframkvæmdum við Straumsvík væri hraðað og byggingarframkvæmdum við Búrfellsvirkjun vegna atvinnuástands í landinu og af öðrum hagrænum ástæðum.

Í sambandi við aðalfund ÍSALs, sem haldinn var hér í Reykjavík þann 30. apríl s. l., fóru svo fram frekari viðræður um þann möguleika að stækka verksmiðjuna úr áður ráðgerðum 66 þús. tonnum í 88 þús. tonna framleiðslu á ári. Forstjórar Alusuisse höfðu áður hreyft þessu máli lauslega, en til þess að svo gæti orðið, þyrfti að auka rafmagnssölu til þeirra um 40 megawött. Í sambandi við þessa ráðagerð kom fram, að forstjórar Alusuisse töldu sig þurfa að geta samið um sama rafmagnsverð og áður, enda höfðu þeir talið, að þessi stækkun kæmi þá á eftir því, að verksmiðjan næði sínum upphaflega ráðgerðu afköstum árið 1972. Landsvirkjun taldi sig ekki reiðubúna til slíkrar samningsgerðar, þar sem svo mikil aukning rafmagnssölu þyrfti miklu umfangsmeiri athugana við en nú liggja fyrir og þá óvissa um niðurstöðu nauðsynlegrar verðákvörðunar á rafmagni. Á hinn bóginn kom það fram hjá Landsvirkjun, að hún mundi með þeim byggingaráformum, sem nú þegar er verið að framkvæma, geta látið úr sínu kerfi 20 megawött til stækkunar álbræðslunnar, ef um það semdist, og slík aukning rafmagnssölnunnar með sama verði væri Landsvirkjuninni hagkvæm. Hér kom það einnig til álita, að slíka stækkun, ekki meiri en 11 þús. tonna afköst, sem svarar til 20 megawatta rafmagnssölu, töldu fulltrúar Alusuisse sig geta framkvæmt með þeim hætti að skjóta henni inn þannig, að henni yrði lokið á 14 mánuðum, og gæti þá komið til framkvæmda 1. júlí 1970, en í þeirri tímasetningu fólst aukin hagkvæmni fyrir Landsvirkjun. Niðurstöður viðræðnanna þann 30. apríl eru mótaðar í þrem liðum.

Samkvæmt lið 1 er áður umtalaðri uppbyggingu verksmiðjunnar í umsamin 60—66 þús. tonna afköst flýtt um þrjú ár. Það er nú endanlega fastmælum bundið.

Samkvæmt lið 2 er skotið inn stækkun verksmiðjunnar um 10 þús. tonna afköst árlega. Þetta hugsast gert þannig að lengja þann keraskála, sem nú er þegar fullbygður miðað við 30 þús. tonna afköst, og vill Alusuisse skuldbinda sig til að hafa lokið því verki og tengdum framkvæmdum á 14 mánuðum, þ. e. 1. júlí 1970. Væri ekki á þetta fallizt, mundi næsti keraskáli verða byggður jafnstór þeim, sem nú er risinn, og byggingu hans lokið, eins og áður er að vikið, 1972. Stjórn Landsvirkjunar

telur þessa stækkun verksmiðjunnar um 10 þús. tonna ársafköst skapa aukna hagkvæmni fyrir Búrfellsvirkjun. Að því tilskildu hefur ríkisstjórnin fallið á að semja um þetta samkvæmt skilmálum í öðrum tölulið, þ. e. sama rafmagnsverð og framleiðslugjald og núgildandi samningar segja til um og hefur tilkynnt Alusuisse og ÍSAL þessa ákvörðun sína. Gengið verður síðar frá formlegum og efnislegum breytingum, sem gera þarf á aðalsamningnum, sem lögfestur var 1966, en breytingar á aðalsamningnum fela í sér lagabreytingar, og frumvarp um slíka breytingu verður því lagt fyrir Alþingi til staðfestingar síðar, eins og lög mæla fyrir um.

Í lið 3 felst það, að raforkuverðið helzt áfram 3 mill til 1975, eins og ráðgert var upphaflega í aðalsamningnum frá 1966, og framleiðslugjaldið þá einnig \$ 12.50 til sama tíma, þó að 60 þús. tonna afköstum sé náð 1972.

Heildarframleiðslugjaldið og rafmagnsgjaldið mundi verða reiknað til ársloka 1975 (rafmagnsv. 3.0 mills):

1. Samkvæmt núgildandi aðalsamningi um stækkun:

33 þús. tonn	1. október	1969
15 — —	1. —	1972
15 — —	1. —	1975

Þá verður:

Framleiðslugjald .....	356 m.kr.
Rafmagnsgjald .....	1 312 —

2. Samkvæmt tillögum um stækkun:

33 þús. tonn	1. okt.	1969
11 — —	1. júlí	1970
33 — —	1. —	1972

Þá verður:

Framleiðslugjald .....	446 m.kr.
Rafmagnsgjald .....	1 587 —

## LANDSVIRKJUN

5. maí 1969.

### Grelnargerð um stækkun álbræðslunnar í Straumsvík.

#### A. Viðræður við fulltrúa Alusuisse og ÍSAL.

Dagana 29. og 30. apríl s. l. voru hér í heimsókn þeir Meyer og Müller frá Alusuisse til viðræðna við iðnaðarmálaráðherra og Landsvirkjun um afhendingartíma rafmagns til álbræðslunnar í Straumsvík og hugsanlega stækkun hennar umfram það, sem núgildandi samningar gera ráð fyrir. Niðurstöður þessara viðræðna koma fram í memorandum, dags. 30. apríl 1969, sem aðilar undirrituðu, og fylgir afrit af því með (fylgiskjal A). Verður hér á eftir vikið að þrem meginniðurstöðum viðræðnanna:

1. Því er slegið föstu, að annar og þriðji afhendingardagur rafmagns til ÍSALs verði einn og sami dagurinn sumarið 1972, eftir því sem Landsvirkjun og ÍSAL koma sér saman um að tilgreina nánar síðar. Gildandi samningar gera ráð fyrir því, að álbræðslan verði komin í fulla stærð með 60 000 tonna ársafköstum eigi síðar en 1975, og er hér því stefnt að því, að bræðslan nái fullri stærð þrem árum fyrr.
2. Alusuisse og ÍSAL bjóðast til að stækka bræðsluna, sem nemur 10 000 tonna ársafköstum, frá 1. júlí 1970 í síðasta lagi að telja umfram það, sem núgildandi samningar gera ráð fyrir, enda veiti ríkisstjórnin og Landsvirkjun samþykki sitt til stækkunarinnar eigi síðar en 15. þ. m., og látnir verði gilda sömu skil-

málar um stækkunina, t. d. að því er varðar rafmagnsverð og framleiðslugjald, og nógildandi samningar gera ráð fyrir. Að fengnu slíku samþykki er síðan gert ráð fyrir, að gengið verði sem fyrst frá nauðsynlegum breytingum á aðal-samningnum milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse og rafmagnssamningnum milli ÍSAL og Landsvirkjunar og leitað staðfestingar Alþingis á slíkum breytingum eigi síðar en, er þing kemur saman haustið 1969.

3. Alusuisse og ÍSAL samþykkja fyrir sitt leyti, að rafmagnsverð Landsvirkjunar til ÍSAL verði óbreytt 3.0 U.S. mills og framleiðslugjaldið óbreytt 12.50 U.S. dollarar, þar til 6 ár eru liðin frá fyrsta afhendingardegi rafmagns til ÍSAL, sem nú er ráðgerður 1. október 1969. Að öðrum kosti mundi rafmagnsverðið lækka samkvæmt nógildandi samningum í 2.5 U.S. mills og framleiðslugjaldið hækka í 20 U.S. dollara 1972, er bræðslan er komin í fulla stærð. Stækkun bræðslunnar og örari framkvæmdir við hana gera það að verkum, að bæta verður þrem seinni vélasamstæðunum í Búrfellsstöð fyrir veturinn 1971—72, auk þess sem ljúka verður miðlunarframkvæmdum við Þórisvatn fyrir þann tíma. Verður því ekki hægt að verja til þessara framkvæmda því fé úr rekstri Landsvirkjunar, sem ella hefði verið handbært, ef þeim hefði ekki þurft að vera að fullu lokið fyrr en 1975. Við þetta bætist aukinn vaxta- og rekstrarkostnaður hjá Landsvirkjun, og er því nauðsynlegt, að Landsvirkjun fái að halda óbreyttu rafmagnsverði til ÍSAL til 1975, eins og Alusuisse og ÍSAL hafa fyrir sitt leyti veitt samþykki til.

#### *B. Nokkrar forsendur í fjárhagsáætlunum um afkomu Landsvirkjunar 1969—1985, með og án stækkunar bræðslunnar.*

Gerðar hafa verið fjárhagsáætlanir fyrir afkomu Landsvirkjunar til ársloka 1985, annars vegar miðað við að bræðslan verði komin í fulla stærð (60 000 tonn) 1972 án stækkunar og hins vegar miðað við 10 000 tonna stækkun 1970 og fulla stærð (70 000 tonn) 1972. Í þessum áætlunum er m. a. byggt á eftirgreindum forsendum:

1. Rafmagnsverð Landsvirkjunar til ÍSAL verði 3.0 U.S. mills til 1. júlí 1975, en lækki þá í 2.5 U.S. mills, sbr. lið A-3 hér að framan.
2. Heildsöluverð á rafmagni Landsvirkjunar til rafveitna hækki um 15% frá og með 1. janúar 1970. Er hér um að ræða seinni áfanga þeirrar hækkunar, sem í samráði við Efnahagsstofnunina var í nóvember s. l. talin óhjákvæmileg vegna síðustu gengisbreytingar.
3. Gert er ráð fyrir, að Búrfellsvirkjun sé lokið 1971 ásamt miðlun í Þórisvatni og Köldukvíslarveitu inn í Þórisvatn árið 1974, ef bræðslan er ekki stækkuð, en 1973, ef hún er stækkuð.
4. Gert er ráð fyrir, að vélaafl vatnsaflstöðva Landsvirkjunar endist til ársloka 1976, ef ekki kemur til stækkunar bræðslunnar, en til ársloka 1974 með stækkuninni. Til að gera áætlanirnar sambærilegar er því í áætlunum með stækkuninni gert ráð fyrir því, að Landsvirkjun byggi 20 MW vatnsaflstöð, er komi í rekstur í ársbyrjun 1975.
5. Gert er ráð fyrir, að eignaraðilar leggi fram aukið eigið framlag til Landsvirkjunar, 15 m.kr. hvor á ári, árin 1970—1974, eða alls 150 m.kr.

#### *C. Hagkvæmni Landsvirkjunar af stækkun bræðslunnar.*

Niðurstöður þeirra fjárhagsáætlana, sem fjallað er um hér að framan, er að finna í fylgiskjali B. Eins og þar má sjá, er afkoma Landsvirkjunar betri, þegar gert er ráð fyrir stækkun bræðslunnar. Sem dæmi um það, má einkum nefna eftirfarandi:

1. Nettótekjur Landsvirkjunar 1969—1985 áætlast 465.1 millj. kr. hærri með stækkun bræðslunnar en án hennar.

2. Sjóðseign Landsvirkjunar í árslok 1985 áætlast 148.7 millj. kr. hærri með stækkun bræðslunnar en án stækkunar, enda þótt afborganir með stækkuninni séu 110 millj. kr. hærri til ársloka 1985.
3. Á erfiðustu rekstrarárunum, þ. e. 1970—1972, er arðgjöfin af nettófasteign hærri með stækkuninni, eða 5.7% í stað 5.0%. Á árunum 1973—1985 er hins vegar arðgjöfin svipuð í báðum tilfellum, eða að meðaltali rúm 10%.
4. Þrátt fyrir 362.5 millj. kr. hærri fjárfestingu með stækkuninni eru lántökur 1969—1985 aðeins 136.2 millj. kr. hærri en án stækkunarinnar.

*D. Hækkun framleiðslugjaldsins við stækkun bræðslunnar.*

Við stækkun bræðslunnar um 10 000 tonn 1970 mundu tekjur ríkissjóðs af framleiðslugjaldi bræðslunnar hækka um 264 millj. kr. á tímabilinu 1970—1985. Er gjaldið þá reiknað sem \$ 12.50 á tonn frá 1. júlí 1970 til 1. júlí 1975, en síðan \$ 20.00.

*E. Niðurstaða.*

Af framangreindu sést, að afkoma Landsvirkjunar verður í heild mun betri, ef bræðslan er stækkuð, eins og Alusuisse og ÍSAL fara fram á, auk þess sem tekjur af framleiðslugjaldinu aukast verulega. Eru þá enn ótaldar aðrar innlendar tekjur, sem stækkunin mun hafa í för með sér, einkum vegna vinnulauna, en ekki hefur verið reynt að áætla þær. Allt þetta mælir með því, að gengið sé til móts við óskir Alusuisse og ÍSAL um stækkun bræðslunnar, að ónefndri atvinnuaukningu við stækkunina og aukinn rekstur. Þá ber einnig að hafa í huga, að af hagkvæmnisástæðum verður það að teljast mjög eftirsóknarvert fyrir Alusuisse og ÍSAL að stækka bræðsluna síðar meir um önnur 10 000 tonn. Byggist þetta á því, að stækkunin á næsta ári er fyrirhuguð með því móti að stækka fyrstu keraröðina úr 30 000 tonnum í 40 000 tonn, en viðbótin 1972 yrði ein 30 000 tonna keraröð, sem kæmi sér betur frá rekstrar-sjónarmiði að stækka síðar upp í sömu stærð og fyrri keraröðina, eða 40 000 tonn. Er þá ekki ólíklegt, að hærra rafmagnsverð og hærra framleiðslugjald fengist vegna slíkrar stækkunar.

Fylgiskjal A.

Reykjavík, April 30, 1969.

**MEMORANDUM**

In meetings between representatives of the Government of Iceland, Swiss Aluminium Limited (Alusuisse), Landsvirkjun and Icelandic Aluminium Company Limited (ISAL), held in Reykjavík on April 29 and 30, 1969, the following agreement was reached respecting the specification of PDD II and PDD III under the Master Agreement dated March 28, 1966 and the Power Contract dated June 28, 1966 and other matters relating to the development of the aluminium smelter project in Straumsvík:

1. The Second and Third Power Delivery Dates (PDD II and PDD III) shall coincide and shall occur in the summer of 1972, on a date to be specified by a joint declaration of Landsvirkjun and ISAL pursuant to Section 9.03 and 9.04 of the Master Agreement.
2. Alusuisse is prepared to cause ISAL to enlarge the Smelter beyond the rated capacity of 120 megawatts covered by the existing agreements by the addition to the first potline thereof of production facilities having a rated capacity of 20 megawatts, provided that this can be effected on the same terms and conditions as those applicable under the Master Agreement and Scheduled Contracts. Alusuisse and ISAL shall be firmly committed to have such facilities fully

constructed and put into operation on or prior to July 1, 1970 if notified in writing by the Government of Iceland and Landsvirkjun on or prior to May 15, 1969, that such enlargement on such terms is agreeable to them. Such notice having been given, the parties shall formalize their agreement on the project by supplemental agreements to the Master Agreement and Power Contract which shall be subject only to ratification by the Althing. The Government undertakes to seek such ratification not later than at the commencement of the next session of the Althing in the autumn of 1969.

3. It is affirmed on the part of Alusuisse and ISAL that they would have no objection to the Contract Price remaining at 3.0 U.S. mills and the Consolidated Tax at 12.50 U.S. dollars until the sixth anniversary of PDD I, if the Government of Iceland and Landsvirkjun should wish to adopt this measure following the above specification of PDD III.

**The Minister of Industries**  
Jóhann Hafstein

**Swiss Aluminium Limited**  
Emanuel R. Meyer  
Paul H. Müller

**Landsvirkjun**  
Jóhannes Nordal

**Icelandic Aluminium Company Limited**  
Halldór H. Jónsson  
Paul H. Müller

## SAMANBURÐUR Á AFKOMU LANDSVIRKJUNAR MEÐ OG ÁN 20 MW STÆKKUN ÁLBRÆÐSLUNNAR

	Milj. kr. fjárfesting án með	Milj. kr. lántökur án með	Milj. kr. afborganir án með	Milj. kr. sjóður í árslok án með	Milj. kr. nettótekjur án með	Hundraðshl. arður af nettó- fasteign í rekstri án með
1969	870.0	1 482.2	556.4	36.5	35.4	9.8
1970	310.3	252.1	110.6	11.5	-54.8	4.3
1971	190.7	220.2	144.4	66.4	-16.4	4.6
1972	110.2	88.1	247.2	50.7	49.7	6.2
1973	156.1	88.1	269.7	80.7	156.3	8.3
1974	128.4	40.0	368.4	33.5	197.2	9.1
1975	5.0	88.1	375.3	17.3	172.2	8.6
1976	5.0	88.1	386.5	20.1	201.1	9.0
1977	5.0	88.1	393.6	38.9	221.2	9.3
1978	5.0	88.1	278.4	191.5	238.5	9.6
1979	5.0	88.1	260.8	385.7	257.0	9.9
1980	5.0	88.1	224.1	632.6	269.2	10.3
1981	5.0	88.1	261.5	802.7	280.0	10.7
1982	5.0	88.1	253.1	999.2	297.9	11.2
1983	5.0	88.1	232.1	1 233.8	315.1	11.6
1984	5.0	88.1	197.8	1 519.0	332.0	12.2
1985	5.0	88.1	149.6	1 863.0	342.5	12.7
	1 820.7	2 170.7	4 709.5	3 294.1	3 759.2	

## Fylgiskjal II.

ISAL

11. nóv. 1969.

### YFIRLIT YFIR BYGGINGAFRAMKVÆMDIR OG REKSTUR ÁLIÐJUVERSINS Í STRAUMSVÍK

#### Framkvæmdir og kostnaður.

Fyrsta áfanga áliðjuversins í Straumsvík er nú lokið, og hefur starfræksla hafizt með fullum afköstum. Byrjað var á framkvæmdum í marz 1967 með því að jafna byggingarlóðina. Fluttir voru um 800 þúsund rúmmetrar af efni, þar af klöpp 130 þúsund rúmmetrar. 500 þúsund rúmmetrar voru notaðir til fyllingar á lóðinni, en 300 þúsund rúmmetrar við hafnargerðina. Byrjað var á undirstöðum bygginga sumarið 1967, og hafa nú verið reistar byggingar, samtals 40 þúsund fermetrar að grunnflatarmáli eða á rúmmáli um 500 þúsund rúmmetrar. Einnig hafa verið malbikaðir um 30 þúsund fermetrar af akbrautum og aðkeyrslubrautum.

Fjöldi starfsmanna við framkvæmdir í Straumsvík, að höfninni meðtalinni, fór upp í tæplega 900 síðast liðið haust. Nú starfa í Straumsvík um 550 manns, þegar starfsmenn við rekstur áliðjuversins eru meðtaldir.

Heildarbyggingarkostnaður við þennan fyrsta áfanga áliðjuversins hefur numið 3200 milljónum króna. Auk þess munu hafnarframkvæmdir kosta yfir 300 milljónir króna. Kerskálinn, sem þegar hefur verið tekinn í notkun, er um 650 metrar á lengd, og í honum eru 120 álvinnsluker. Framkvæmdir hafa þegar hafizt við lengingu þessa skála um rúma 200 metra eða sem svarar 40 álvinnslukerum, og verður því heildarlengd skálans tæplega 900 metrar. Gert er ráð fyrir, að þessi viðbótarker verði tekin í notkun í júní 1970. Kostnaður við þessa viðbót mun nema um 380 milljónum króna. 1971 munu hefjast framkvæmdir við byggingu síðari kerskálans með 120 kerum, og verður þeim lokið haustið 1972. Heildarkostnaður við framkvæmdir verður þá orðinn um 4800 milljónir króna.

#### Framleiðsla og verðmæti.

Ársframleiðsla áls verður um 39 þúsund tonn 1970 og framleiðsluverðmæti, að fráregnum beinum hráefniskostnaði, um 980 milljónir króna. Framleiðslan og þar með framleiðsluverðmætið eykst svo sambliða stækkununum, og verður framleiðslan á árinu 1974 orðin 76 þúsund tonn og framleiðsluverðmæti á sama hátt um 1900 milljónir króna.

#### Greiðslur á Íslandi.

Sá hluti af framleiðsluverðmætinu, sem verður eftir í landinu sem beinar greiðslur til íslenskra aðila, verður sem hér segir í milljónum króna:

Ár	Framleiðslu- gjald	Vinnulaun	Raforka	Aðrar greiðslur	Heildar- greiðslur samtals
1970 .....	55	145	155	70	425
1974 .....	107	203	302	155	767

Framleiðslugjaldið er miðað við núverandi heimsmarkaðsverð á áli. Með vinnulaunum eru talin ýmis gjöld, sem atvinnurekendum ber að greiða af greiddum launum, svo sem launaskattur, gjöld til almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga, lífeyrissjóðsiðgjöld, svo og kostnaður við mótuneyti og flutning starfsfólks til og frá vinnu. Liðurinn aðrar greiðslur innifelur ýmsar greiðslur svo sem farmgjöld til Eimskipafélags Íslands, vexti og afborganir af hafnarframkvæmdum í Straumsvík, svo og eldsneyti, efnivörur og þjónustu ýmiss konar.

Ofangreindar tölur eru að sjálfsögðu miðaðar við fast verðlag. Að lokum má geta þess, að framleiðslugjaldið hækkar smám saman, unz það verður á árinu 1987 orðið 258 milljónir króna.



## FYRSTI VIÐAUKI

### VIÐ RAFMAGNSSAMNING MILLI LANDSVIRKJUNAR OG ÍSLENZKA ÁLFÉLAGSINS HF.

SAMNINGUR gerður hinn 28. dag októbermánaðar 1969

MILLI

LANDSVIRKJUNAR (The National Power Company, hér á eftir nefnd „Landsvirkjun“)

ANNARS VEGAR

OG

ÍSLENZKA ÁLFÉLAGSINS HF. (Icelandic Aluminium Company Limited, hér á eftir nefnt „ISAL“)

HINS VEGAR

RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS (hér á eftir nefnd „ríkisstjórnin“) og Swiss Aluminium Limited (hér á eftir nefnt „Alusuisse“) hafa gert með sér aðalsamning dags. 28. marz 1966, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 76 13. maí 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „aðalsamningurinn“). Samningur þessi fjallar, meðal annars, um byggingu og rekstur álbræðslu með tilheyrandi búnaði (hér á eftir nefnd „bræðslan“) af hálfu ISALs og byggingu vatnsaflsvirkjunar í Þjórsá við Búrfell af hálfu Landsvirkjunar.

LANDSVIRKJUN OG ISAL hafa gert með sér rafmagnssamning, er fylgir aðalsamningnum sem fylgiskjal A. Samningur þessi er dagsettur 28. júní 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „rafmagnssamningurinn“), og fjallar hann, meðal annars, um afhendingu á rafmagni frá Landsvirkjun til rekstrar bræðslunnar.

RÍKISSTJÓRNIN OG ALUSUISSE hafa samþykkt sín í milli fyrsta viðaukann, dags. í dag, við aðalsamninginn (hér á eftir nefndur „fyrsti viðauki við aðalsamninginn“). Fjallar hann, meðal annars, um aukningu á samanlagðri málraun bræðslunnar, er felur í sér breytingu á málraun fyrri og síðari stækkunar hennar, svo sem þær hafa hingað til verið skýrgreindar í aðalsamningnum.

LANDSVIRKJUN OG ISAL hafa samþykkt að takast á hendur og efna þær skuldbindingar, sem á þau eru lögð hvort um sig með fyrsta viðaukanum við aðalsamninginn, og óska þessu til staðfestu að breyta rafmagnssamningnum, svo sem kveðið er á hér á eftir.

MEÐ SKÍRSKOTUN TIL ÞESSA ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI  
SAMNINGUR:

1. gr.

Heiti samnings þessa og skýringar á orðum, sem notuð eru í honum.

- 1.01. Samning þennan ber að nefna fyrsta viðauka við rafmagnssamninginn.
- 1.02. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum eða í rafmagnssamningnum, skulu þar hafa sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum

1. greinar aðalsamningsins (með áorðnum breytingum), nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Ríkisstjórnin“ .....	málsgr. 1.01 a)
„Alusuisse“ .....	— 1.01 b)
„Landsvirkjun“ .....	— 1.01 c)
„ISAL“ .....	— 1.01 e)
„Fylgiskjöl“ .....	— 1.02
„Fylgisamningar“ .....	— 1.02
„Bræðsla“ .....	— 1.03 b)
„Tengivirki bræðslunnar“ .....	— 1.03 c)
„AR I“ .....	— 1.03 o)
„AR II“ .....	— 1.03 p)
„AR III“ .....	— 1.03 q)

1.03. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, hafa þar sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar fyrsta viðauka við aðalsamninginn, nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Fylgiviðaukar“ .....	málsgr. 1.03
„Gildistökdagur“ .....	— 1.04 a)

## 2. gr.

**Breytingar á ákvæðum rafmagnssamningsins um rafmagnsafhendingu.**

2.01. Tafla sú, er greinir í lok fyrsta málsliðar í málsgrein 7.01 í rafmagnssamningnum og fjallar um orkumagn, skal hljóða svo:

Áfangi bræðslunnar	Fyrsti	Annar	Þriðji
Málraun	60 MW	80 MW	140 MW
Orka fyrir hvert almanaksár ....	530 GWst	707 GWst	1237 GWst

2.02. Tafla sú, er greinir í lok annars málsliðar í málsgrein 7.01 í rafmagnssamningnum og fjallar um aflgildi, skal hljóða svo:

Áfangi bræðslunnar	Fyrsti	Annar	Þriðji
Afl:			
(meðaltal á klst.) .....	60 MW	80 MW	140 MW
(augnabliksgildi) .....	65 MW	87 MW	152 MW

2.03. Tafla sú, er greinir í niðurlagi málsgreinar 7.04 í rafmagnssamningnum og fjallar um hámarksorkuneyzlu á dag, skal hljóða svo:

Áfangi bræðslunnar	Fyrsti	Annar	Þriðji
Dagleg hámarksneyzla .....	1.452 GWst	1.936 GWst	3.388 GWst

2.04. Tafla sú, er greinir í lok fyrsta málsliðar í málsgrein 8.01 í rafmagnssamningnum og fjallar um lágmarksaflgildi, skal hljóða svo:

Áfangi bræðslunnar	Fyrsti	Annar	Þriðji
Lágmarksafl (meðaltal á klst.) ....	28 MW	37 MW	65 MW

## 3. gr.

**Breytingar á ákvæðum rafmagnssamningsins um rafmagnsverð.**

Stafliðir a) og b) í málsgrein 13.01 í rafmagnssamningnum orðist svo:

- a) „a) Frá gangsetningardegi fyrsta áfanga bræðslunnar og til sjötta árdags AR I, 3.0 Bandaríkjamill fyrir hverja kWst“.
- b) „b) Frá sjötta árdegi AR I og til fimmtánda árdags AR I, 2.5 Bandaríkjamill fyrir hverja kWst“.

4. gr.

**Breytingar á ákvæðum rafmagnssamningsins um lágmarksmagn.**

Tafla sú, er greinir í lok fyrra málsliðar í málsgrein 20.01 í rafmagnssamningnum og fjallar um lágmarksorkumagn, skal hljóða svo:

	AR I	AR II	AR III
Lágmarksorka á hverju almanaksári . . . . .	450 GWst	600 GWst	1050 GWst

5. gr.

**Tengsl við breytingar á aðalsamningnum og hinum fylgisamningunum.**

- 5.01. Aðilar samnings þessa samþykkja hvor um sig í þágu hins og í þágu ríkisstjórnarinnar og Alusuisse að takast á hendur og efna skuldbindingar þær, sem lagðar eru á hvorn um sig með ákvæðum fyrsta viðauka við aðalsamninginn. Sérhver tilvísun til aðalsamningsins, sem gerð er í rafmagnssamningnum (svo sem honum er breytt með samningi þessum) eða aðilar samnings þessa gera framvegis, skal talin gerð til aðalsamningsins, svo sem honum er breytt með fyrsta viðauka við aðalsamninginn, nema samhengið geri ráð fyrir öðru, og aðalsamningurinn svo breyttur skal áfram ráða í skiptum aðila samnings þessa samkvæmt rafmagnssamningnum, í öllum eignum, sem við á.
- 5.02. Sérhver tilvísun til hinna fylgiskjalanna eða hinna fylgisamninganna, eða einhvers þeirra, sem gerð er í rafmagnssamningnum (svo sem honum er breytt með samningi þessum) eða aðilar samnings þessa gera framvegis, skal talin gerð til viðkomandi fylgiskjala eða fylgisamninga, eins og þeim er breytt með fylgiviðaukunum, nema samhengið geri ráð fyrir öðru.

6. gr.

**Gildi samnings þessa og gildistöku dagur.**

- 6.01. Samningur þessi er gerður sem viðbótarsamningur við rafmagnssamninginn samkvæmt ákvæðum 28. greinar hans og skal talinn beinn hluti af rafmagnssamningnum, svo sem væri hann felldur inn í meginmál hans. Ákvæði rafmagnssamningsins taka ekki öðrum breytingum en þeim, sem gerðar eru í samningi þessum eða með honum, og halda að öðru leyti fullu gildi.
- 6.02. Samningur þessi skal öðlast gildi á gildistöku degi fyrsta viðauka við aðalsamninginn, enda hafi samþykki ríkisstjórnarinnar og Alusuisse verið staðfest, svo sem ráðgert er hér að neðan, og tilkynning samkvæmt 28. grein rafmagnssamningsins verið gefin.

**ÞESSU TIL STAÐFESTU** er samningur þessi undirritaður af hálfu Landsvirkjunar og ISALs á þeim degi, sem í upphafi greinir.

Fyrir LANDSVIRKJUN  
Jóhannes Nordal

Fyrir ÍSLENZKA ÁLFÉLAGIÐ HF.  
Halldór H. Jónsson  
Emanuel R. Meyer

**Samþykki ríkisstjórnarinnar og Alusuisse til framanritaðrar samningsgerðar staðfestist hér með.**

**Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS**

**Jóhann Hafstein**

**Fyrir SWISS ALUMINIUM LIMITED**

**Paul H. Müller**

**John Wohnlich**

## FYRSTI VIÐAUKI

### VIÐ HAFNAR- OG LÓÐARSAMNING MILLI HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐAR OG ÍSLENZKA ÁLFÉLAGSINS HF.

SAMNINGUR gerður hinn 28. dag októbermánaðar 1969

MILLI

HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐAR (hér á eftir nefndur „kaupstaðurinn“)

ANNARS VEGAR

OG

ÍSLENZKA ÁLFÉLAGSINS HF. (Icelandic Aluminium Company Limited, hér á eftir nefnt „ISAL“)

HINS VEGAR

RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS (hér á eftir nefnd „ríkisstjórnin“) og Swiss Aluminium Limited (hér á eftir nefnt „Alusuisse“) hafa gert með sér aðalsamning dags. 28. marz 1966, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 76 13. maí 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „aðalsamningurinn“). Samningur þessi fjallar, meðal annars, um byggingu og rekstur álbræðslu með tilheyrandi búnaði (hér á eftir nefnd „bræðslan“) af hálfu ISALs við Straumsvík í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins.

KAUPSTAÐURINN OG ISAL hafa gert með sér hafnar- og lóðarsamning, er fylgir aðalsamningnum sem fylgiskjal B. Samningur þessi er dagsettur 28. júní 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „hafnar- og lóðarsamningurinn“), og fjallar hann, meðal annars, um byggingu og viðhald hafnarmannvirkja (hér á eftir nefnd „hafnarmannvirkin“) í Straumsvík af hálfu kaupstaðarins og um greiðslu af hálfu ISALs á fastagjaldi, sem miðað er við byggingarkostnað hafnarmannvirkjanna, ásamt öðrum greiðslum.

KAUPSTAÐURINN OG ISAL óska nú að breyta tilteknum ákvæðum hafnar- og lóðarsamningsins, varðandi greiðslu á nefndu fastagjaldi, svo sem mælt er hér á eftir.

RÍKISSTJÓRNIN OG ALUSUISSE hafa samþykkt sín í milli fyrsta viðaukann, dags. í dag, við aðalsamninginn (hér á eftir nefndur „fyrsti viðauki við aðalsamninginn“), sem fjallar, meðal annars, um aukningu á samanlagðri málaun bræðslunnar.

KAUPSTAÐURINN OG ISAL hafa samþykkt að takast á hendur og efna þær skuldbindingar, sem á þau eru lögð hvort um sig með fyrsta viðaukanum við aðalsamninginn, og óska því til staðfestu að breyta hafnar- og lóðarsamningnum, svo sem kveðið er á hér á eftir.

MEÐ SKÍRSKOTUN TIL ÞESSA ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI  
SAMNINGUR:

1. gr.

Heiti samnings þessa og skýringar á orðum, sem notuð eru í honum.

- 1.01. Samning þennan ber að nefna fyrsta viðauka við hafnar- og lóðarsamninginn.
- 1.02. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, skulu þar hafa sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar aðalsamningsins (með áorðnum breytingum), nema annars gerist þörf vegna sambengis:

„Ríkisstjórnin“ .....	málsg. 1.01 a)
„Alusuisse“ .....	— 1.01 b)
„Kaupstaðurinn“ .....	— 1.01 d)
„ISAL“ .....	— 1.01 e)
„Fylgiskjöl“ .....	— 1.02
„Fylgisamningar“ .....	— 1.02
„Bræðsla“ .....	— 1.03 b)
„Hafnarmannvirki“ .....	— 1.03 n)

- 1.03. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, hafa þar sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar fyrsta viðauka við aðalsamninginn, nema annars gerist þörf vegna sambengis:

„Fylgiviðaukar“ .....	málsg. 1.03
„Gildistökdagur“ .....	— 1.04 a)

2. gr.

Breytingar á ákvæðum hafnar- og lóðarsamningsins um greiðslu fastagjalds.

- 2.01. Málsgrein 11.01 í hafnar- og lóðarsamningnum orðist þannig:  
„11.01. Fyrir réttindi þau, sem veitt eru samkvæmt samningi þessum varðandi höfnina og hafnarmannvirkin, skal ISAL greiða fjárhæð, sem nemur byggingarkostnaði hafnarmannvirkjanna, í stað fastagjalds. Með byggingarkostnaði þessum skal talinn fjármagnskostnaður og vextir á byggingartíma, svo og kostnaður við kaup á landi því innan hafnarsvæðisins, sem ekki er nú í eigu kaupstaðarins. Byggingarkostnaði í krónum og erlendum gjaldeyri (öðrum en svissneskum frónkum) skal umbreytt í svissneska franka á því opinberu gengi, sem í gildi er, þegar greiðslur á kostnaðinum eru inntar af hendi eða lán fyrir honum verða virk. Höfuðstóll þeirrar fjárhæðar, sem ISAL ber að greiða samkvæmt framansögðu, skal vera hin samanlagða fjárhæð þess, sem þannig er umbreytt, og skal haldast í svissneskum frónkum. Fjárhæðin, eins og hún verður á hverjum tíma, skal bera vexti, sem nema sex og hálfum af hundraði (6.5%) á ári, frá fyrsta degi ágústmánaðar 1969 að telja“.
- 2.02. Málsgrein 11.02 í hafnar- og lóðarsamningnum orðist þannig:  
„11.02. ISAL skal greiða fjárhæð þá, sem tilgreind er í málsg. 11.01, með tíu jöfnum árlegum afborgunum, sem falla í gjalddaga hinn fyrsta dag októbermánaðar ár hvert á tímabilinu frá 1975 til 1984, að báðum árum meðtöldum. Vextir af þessari fjárhæð samkvæmt málsgrein 11.01 skulu greiddir misserislega hinn fyrsta dag aprilmánaðar og októbermánaðar ár hvert, þar til fjárhæðin er að fullu greidd, í fyrsta sinn hinn fyrsta dag aprilmánaðar 1970“.
- 2.03. Málsgrein 11.04 í hafnar- og lóðarsamningnum breytist þannig, að orðin „frá þeim degi að telja, að fastagjaldið verður gjaldkræft samkvæmt málsg. 11.01“ í þriðju og fjórðu línu falli brott, en orðin „frá fyrsta degi ágústmánaðar 1969“ komi í þeirra stað.
- 2.04. Málsgrein 11.06 í hafnar- og lóðarsamningnum breytist þannig, að orðin „frá þeim degi, er fastagjaldið verður gjaldkræft samkvæmt málsg. 11.01“ í fyrstu

og annarri línu falli brott, en orðin „frá fyrsta degi ágústmánaðar 1969“ komi í þeirra stað.

- 2.05. Málsgrein 11.07 í hafnar- og lóðarsamningnum orðist þannig:  
„11.07. Greiðslur á fjárhæð þeirri og vöxtum, sem um er rætt í málsg. 11.01, og á hinu sérstaka vörugjaldi samkvæmt málsg. 11.06, skulu inntar af hendi í svissneskum frönkum annars vegar og Bandaríkjadollurum hins vegar, eða í öðrum gjaldeyri, sem kaupstaðurinn og ISAL verða ásátt um, og greiðslur á öllum öðrum gjöldum og álögum, sem greiða skal samkvæmt ákvæðum málsg. 11.04 og 11.05, skulu ISAL eða skipseigendur, hvor sem í hlut á, inna af hendi í íslenskum krónum“.

### 3. gr.

#### Framsal á greiðslum.

- 3.01. Kaupstaðurinn framselur hér með ríkisstjórninni allan rétt sinn varðandi greiðslur þær, sem mælt er um í málsg. 11.01 og 11.02 í hafnar- og lóðarsamningnum, gegn því, að ríkisstjórnin takist á hendur að annast um útvegum fjár til að standa straum af byggingarkostnaði hafnarmannvirkjana í Straumsvík án þátttöku af hálfu kaupstaðarins, en skuldbindingu þessa staðfestir ríkisstjórnin með undirskrift sinni hér að neðan. Í samræmi við þetta skal ríkisstjórnin taka við nefndum greiðslum og innheimta þær fyrir eigin reikning án kostnaðar fyrir kaupstaðinn.
- 3.02. ISAL samþykkir hér með að sínu leyti framsal það, sem fjallað er um í málsg. 3.01, og fellst á að inna af hendi þær greiðslur, sem mælt er um í málsg. 11.01 og 11.02, til skrifstofu Seðlabanka Íslands eða annars banka, sem ríkisstjórnin kann að tilnefna í því skyni.

### 4. gr.

#### Tengsl við breytingar á aðalsamningnum og hinum fylgisamningunum.

- 4.01. Aðilar samnings þessa samþykkja hvor um sig í þágu hins og í þágu ríkisstjórnarinnar og Alusuisse að efna og takast á hendur skuldbindingar þær, sem lagðar eru á hvorn um sig með ákvæðum fyrsta viðauka við aðalsamninginn. Sérhver tilvísun til aðalsamningsins, sem gerð er í hafnar- og lóðarsamningnum (svo sem honum er breytt með samningi þessum) eða aðilar samnings þessa gera framvegis, skal talin gerð til aðalsamningsins, svo sem honum er breytt með fyrsta viðauka við aðalsamninginn, nema samhengið geri ráð fyrir öðru, og aðalsamningurinn svo breyttur skal áfram ráða í skiptum aðila samnings þessa samkvæmt hafnar- og lóðarsamningnum, í öllum efnum, sem við á.
- 4.02. Sérhver tilvísun til hinna fylgiskjalanna eða hinna fylgisamninganna, eða einhvers þeirra, sem gerð er í hafnar- og lóðarsamningnum (svo sem honum er breytt með samningi þessum) eða aðilar samnings þessa gera framvegis, skal talin gerð til viðkomandi fylgiskjala eða fylgisamninga, eins og þeim er breytt með fylgiviðaukunum, nema samhengið geri ráð fyrir öðru.

### 5. gr.

#### Gildi samnings þessa og gildistökdagur.

- 5.01. Samningur þessi er gerður sem viðbótarsamningur við hafnar- og lóðarsamninginn samkvæmt ákvæðum 21. greinar hans og skal talinn beinn hluti af hafnar- og lóðarsamningnum, svo sem væri hann felldur inn í meginmál hans. Ákvæði hafnar- og lóðarsamningsins taka ekki öðrum breytingum en þeim,

sem gerðar eru í samningi þessum eða með honum, og halda að öðru leyti fullu gildi.

- 5.02. Samningur þessi skal öðlast gildi á gildistökuþegi fyrsta viðauka við aðal-samninginn, enda hafi samþykki ríkisstjórnarinnar og Alusuisse verið stað-fest, svo sem ráðgert er hér að neðan, og tilkynning samkvæmt 21. grein hafnar-og lóðarsamningsins verið gefin.

ÞESSU TIL STAÐFESTU er samningur þessi undirritaður af hálfu kaup-staðarins og ISALs á þeim degi, sem í upphafi greinir.

Fyrir HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐ  
Kristinn Ó. Guðmundsson

Fyrir ÍSLENZKA ÁLFÉLAGIÐ HF.  
Halldór H. Jónsson  
Emanuel R. Meyer

Samþykki ríkisstjórnarinnar við framanritaðri samningsgerð og við skuldbind-ingum þeim, sem á ríkisstjórnina eru lagðar með ákvæðum 3. gr. samningsins, stað-festist hér með.

Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS  
Jóhann Hafstein

Samþykki Alusuisse við framanritaðri samningsgerð staðfestist hér með.

Fyrir SWISS ALUMINIUM LIMITED  
Paul H. Müller  
John Wohnlich



## F Y R S T I V I Ð A U K I

### VIÐ AÐSTOÐARSAMNING — HÖNNUN OG BYGGINGU MILLI ÍSLENZKA ÁLFÉLAGSINS HF. OG SWISS ALUMINIUM LIMITED

SAMNINGUR gerður hinn 28. dag októbermánaðar 1969

MILLI

ÍSLENZKA ÁLFÉLAGSINS HF. (Icelandic Aluminium Company Limited, hér á eftir nefnt „ISAL“)

ANNARS VEGAR

OG

SWISS ALUMINIUM LIMITED (hér á eftir nefnt „Alusuisse“), sem er félag stofnað að svissneskum lögum

HINS VEGAR

RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS (hér á eftir nefnd „ríkisstjórnin“) og Alusuisse hafa gert með sér aðalsamning dags. 28. marz 1966, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 76 13. maí 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „aðalsamningurinn“). Samningur þessi fjallar, meðal annars, um byggingu og rekstur álbræðslu með tilheyrandi búnaði (hér á eftir nefnd „bræðslan“) af hálfu ISALs.

ISAL OG ALUSUISSE hafa gert með sér aðstoðarsamning — hönnun og byggingu —, er fylgir aðalsamningnum sem fylgiskjal C 1. Samningur þessi er dagsettur 28. júní 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „aðstoðarsamningur — hönnun og bygging“), og fjallar hann, meðal annars, um hönnunar- og verkfræðipjónustu, er Alusuisse láti ISAL í té við byggingu bræðslunnar.

RÍKISSTJÓRNIN OG ALUSUISSE hafa samþykkt sín í milli fyrsta viðaukann, dags. í dag, við aðalsamninginn (hér á eftir nefndur „fyrsti viðauki við aðalsamninginn“), sem fjallar, meðal annars, um aukningu á samanlagðri málraun bræðslunnar, er felur í sér breytingu á málraun fyrri og síðari stækkunar hennar, svo sem þær hafa hingað til verið skýrgreindar í aðalsamningnum.

ISAL OG ALUSUISSE óska, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að láta aðstoðarsamninginn — hönnun og byggingu — taka til bræðslunnar, svo sem hún er skýrgreind að nýju með ákvæðum fyrsta viðauka við aðalsamninginn, og staðfesta það með ákvæðum, er verði beinn hluti af aðstoðarsamningnum — hönnun og byggingu —, svo sem mælt hér á eftir.

MEÐ SKÍRSKOTUN TIL ÞESSA ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI  
SAMNINGUR:

1. gr.

**Heiti samnings þessa og skýringar á orðum, sem notuð eru í honum.**

- 1.01. Samning þennan ber að nefna fyrsta viðauka við aðstoðarsamninginn — hönnun og byggingu.
- 1.02. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, skulu þar hafa sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar aðalsamningsins (með áorðnum breytingum), nema annars gerist þörf vegna samhengis:
- |                        |                |
|------------------------|----------------|
| „Ríkisstjórnin“ .....  | málsg. 1.01 a) |
| „Alusuisse“ .....      | — 1.01 b)      |
| „ISAL“ .....           | — 1.01 e)      |
| „Fylgiskjöl“ .....     | — 1.02         |
| „Fylgisamningar“ ..... | — 1.02         |
| „Bræðsla“ .....        | — 1.03 b)      |

- 1.03. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, hafa þar sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar fyrsta viðauka við aðalsamninginn, nema annars gerist þörf vegna samhengis:
- |                         |             |
|-------------------------|-------------|
| „Fylgiviðaukar“ .....   | málsg. 1.03 |
| „Gildistökudagur“ ..... | — 1.04 a)   |

2. gr.

**Tengsl við breytingar á aðalsamningnum og hinum fylgisamningunum.**

- 2.01. Sérhver tilvísun til aðalsamningsins, sem gerð er í aðstoðarsamningnum — hönnun og byggingu — (svo sem honum er breytt með samningi þessum) eða aðilar samnings þessa gera framvegis, skal talin gerð til aðalsamningsins svo sem honum er breytt með fyrsta viðauka við aðalsamninginn, nema annars gerist þörf vegna samhengis, og aðalsamningurinn svo breyttur skal áfram ráða í skiptum aðila samnings þessa samkvæmt aðstoðarsamningnum — hönnun og byggingu — í öllum efnum, sem við á.
- 2.02. Sérhver tilvísun til hinna fylgiskjalanna eða hinna fylgisamninganna, eða einhvers þeirra, sem gerð er í aðstoðarsamningnum — hönnun og byggingu — (svo sem honum er breytt með samningi þessum) eða aðilar samnings þessa gera framvegis, skal talin gerð til viðkomandi fylgiskjala eða fylgisamninga, eins og þeim er breytt með fylgiviðaukunum, nema annars gerist þörf vegna samhengis.

3. gr.

**Gildi samnings þessa og gildistökudagur.**

- 3.01. Samningur þessi er gerður sem viðbótarsamningur við aðstoðarsamninginn — hönnun og byggingu — samkvæmt ákvæðum málsg. 10.02 í honum og skal talinn beinn hluti af aðstoðarsamningnum — hönnun og byggingu —, svo sem væri hann felldur inn í meginmál hans. Ákvæði aðstoðarsamningsins — hönnunar og byggingar — taka ekki öðrum breytingum en þeim, sem gerðar eru í samningi þessum eða með honum, og halda að öðru leyti fullu gildi.
- 3.02. Samningur þessi skal öðlast gildi á gildistökudegi fyrsta viðauka við aðalsamninginn, enda hafi samþykki ríkisstjórnarinnar verið staðfest, svo sem sýnt er hér að neðan, og tilkynning samkvæmt málsg. 10.02 í aðstoðarsamningnum — hönnun og byggingu — verið gefin.

**ÞESSU TIL STAÐFESTU** er samningur þessi undirritaður af hálfu ISALs og Alusuisse á þeim degi, sem í upphafi greinir.

**Fyrir ÍSLENZKA ÁLFÉLAGIÐ HF.**

**Halldór H. Jónsson**

**Emanuel R. Meyer**

**Fyrir SWISS ALUMINIUM LIMITED**

**Paul H. Müller**

**John Wöhnlich**

**Samþykki ríkisstjórnarinnar til framanritaðrar samningsgerðar staðfestist hér með.**

**Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS**

**Jóhann Hafstein**

## F Y R S T I V I Ð A U K I

### VIÐ AÐSTOÐARSAMNING — REKSTUR — MILLI ÍSLENZKA ÁLFÉLAGSINS HF. OG SWISS ALUMINIUM LIMITED

SAMNINGUR gerður hinn 28. dag októbermánaðar 1969

MILLI

ÍSLENZKA ÁLFÉLAGSINS HF. (Icelandic Aluminium Company Limited, hér á eftir nefnt „ISAL“)

ANNARS VEGAR

OG

SWISS ALUMINIUM LIMITED (hér á eftir nefnt „Alusuisse“), sem er félag stofnað að svissneskum lögum

HINS VEGAR

RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS (hér á eftir nefnd „ríkisstjórnin“) og Alusuisse hafa gert með sér aðalsamning dags. 28. marz 1966, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 76 13. maí 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „aðalsamningurinn“). Samningur þessi fjallar, meðal annars, um byggingu og rekstur álbræðslu með tilheyrandi búnaði (hér á eftir nefnd „bræðslan“) af hálfu ISALs.

ISAL OG ALUSUISSE hafa gert með sér aðstoðarsamning — rekstur —, er fylgir aðalsamningnum sem fylgiskjal C 2. Samningur þessi er dagsettur 28. júní 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „aðstoðarsamningur — rekstur“), og fjallar hann, meðal annars, um tæknilega aðstoð, er Alusuisse láti ISAL í té við rekstur bræðslunnar.

RÍKISSTJÓRNIN OG ALUSUISSE hafa samþykkt sín í milli fyrsta viðaukann, dags. í dag, við aðalsamninginn (hér á eftir nefndur „fyrsti viðauki við aðalsamninginn“), sem fjallar, meðal annars, um aukningu á samanlagðri málraun bræðslunnar.

ISAL OG ALUSUISSE óska, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að láta aðstoðarsamninginn — rekstur — taka til bræðslunnar, svo sem hún er skýrgreind að nýju með ákvæðum fyrsta viðauka við aðalsamninginn, og staðfesta það með ákvæðum, er verði beinn hluti af aðstoðarsamningnum — rekstri —, svo sem mælt er hér á eftir.

MEÐ SKÍRSKOTUN TIL ÞESSA ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI  
SAMNINGUR:

1. gr.

Heiti samnings þessa og skýringar á orðum, sem notuð eru í honum.

- 1.01. Samning þennan ber að nefna fyrsta viðauka við aðstoðarsamninginn — rekstur.
- 1.02. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, skulu þar hafa sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum, 1. greinar aðalsamningsins (með áorðnum breytingum), nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Ríkisstjórnin“ .....	málsgr. 1.01 a)
„Alusuisse“ .....	— 1.01 b)
„ISAL“ .....	— 1.01 e)
„Fylgiskjöl“ .....	— 1.02
„Fylgisamningar“ .....	— 1.02
„Bræðsla“ .....	— 1.03 b)

1.03. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, hafa þar sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar fyrsta viðauka við aðalsamninginn, nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Fylgiviðaukar“ .....	málsgr. 1.03
„Gildistökdagur“ .....	— 1.04 a)

## 2. gr.

### Tengsl við breytingar á aðalsamningnum og hinum fylgisamningunum.

2.01. Sérhver tilvísun til aðalsamningsins, sem gerð er í aðstoðarsamningnum — rekstri — (svo sem honum er breytt með samningi þessum) eða aðilar samnings þessa gera framvegis, skal talin gerð til aðalsamningsins, svo sem honum er breytt með fyrsta viðauka við aðalsamninginn, nema annars gerist þörf vegna samhengis, og aðalsamningurinn svo breyttur skal áfram ráða í skiptum aðila samnings þessa samkvæmt aðstoðarsamningnum — rekstri — í öllum efnum, sem við á.

2.02. Sérhver tilvísun til hinna fylgiskjalanna eða hinna fylgisamninganna, eða einhvers þeirra, sem gerð er í aðstoðarsamningnum — rekstri — (svo sem honum er breytt með samningi þessum) eða aðilar samnings þessa gera framvegis, skal talin gerð til viðkomandi fylgiskjala eða fylgisamninga, eins og þeim er breytt með fylgiviðaukunum, nema annars gerist þörf vegna samhengis.

## 3. gr.

### Gildi samnings þessa og gildistökdagur.

3.01. Samningur þessi er gerður sem viðbótarsamningur við aðstoðarsamninginn — rekstur — samkvæmt ákvæðum málsgr. 10.02 í honum og skal talinn beinn hluti af aðstoðarsamningnum — rekstri —, svo sem væri hann felldur inn í meginmál hans. Ákvæði aðstoðarsamningsins — rekstrar — taka ekki öðrum breytingum en þeim, sem gerðar eru í samningi þessum eða með honum, og halda að öðru leyti fullu gildi.

3.02. Samningur þessi skal öðlast gildi á gildistökuþegi fyrsta viðauka við aðalsamninginn, enda hafi samþykki ríkisstjórnarinnar verið staðfest, svo sem sýnt er hér að neðan, og tilkynning samkvæmt málsgr. 10.02 í aðstoðarsamningnum — rekstri — verið gefin.

ÞESSU TIL STAÐFESTU er samningur þessi undirritaður af hálfu ISALs og Alusuisse á þeim degi, sem í upphafi greinir.

Fyrir ÍSLENZKA ÁLFÉLAGIÐ HF.

Halldór H. Jónsson

Emanuel R. Meyer

**Fyrir SWISS ALUMINIUM LIMITED**

**Paul H. Müller**

**John Wohnlich**

**Samþykki ríkisstjórnarinnar til framanritaðrar samningsgerðar staðfestist hér með.**

**Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS**

**Jóhann Hafstein**

## FYRSTI VIÐAUKI

### VIÐ AÐSTOÐARSAMNING — SÖLU — MILLI ÍSLENZKA ÁLFÉLAGSINS HF. OG SWISS ALUMINIUM LIMITED

SAMNINGUR gerður hinn 28. dag októbermánaðar 1969

MILLI

ÍSLENZKA ÁLFÉLAGSINS HF. (Icelandic Aluminium Company Limited, hér á eftir nefnt „ISAL“)

ANNARS VEGAR

OG

SWISS ALUMINIUM LIMITED (hér á eftir nefnt „Alusuisse“), sem er félag stofnað að svissneskum lögum

HINS VEGAR

RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS (hér á eftir nefnd „ríkisstjórnin“) og Alusuisse hafa gert með sér aðalsamning dags. 28. marz 1966, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 76 13. maí 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „aðalsamningurinn“). Samningur þessi fjallar, meðal annars, um byggingu og rekstur álbræðslu með tilheyrandi búnaði (hér á eftir nefnd „bræðslan“) af hálfu ISALs.

ISAL OG ALUSUISSE hafa gert með sér aðstoðarsamning — sölu —, er fylgir aðalsamningnum sem fylgiskjal C 3. Samningur þessi er dagsettur 28. júní 1966 og gekk í gildi hinn 20. september 1966 (hér á eftir nefndur „aðstoðarsamningur — sala“), og fjallar hann, meðal annars, um þjónustu við sölu á framleiðsluvörum bræðslunnar, er Alusuisse láti ISAL í té.

RÍKISSTJÓRNIN OG ALUSUISSE hafa samþykkt sin í milli fyrsta viðaukann, dags. í dag, við aðalsamninginn (hér á eftir nefndur „fyrsti viðauki við aðalsamninginn“), sem fjallar, meðal annars, um aukningu á samanlagðri málaun bræðslunnar.

ISAL OG ALUSUISSE óska, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að láta aðstoðarsamninginn — sölu — taka til bræðslunnar, svo sem hún er skýrgreind að nýju með ákvæðum fyrsta viðauka við aðalsamninginn, og staðfesta það með ákvæðum, er verði beinn hluti af aðstoðarsamningnum — sölu —, svo sem mælt er hér á eftir.

MEÐ SKÍRSKOTUN TIL ÞESSA ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI  
SAMNINGUR:

1. gr.

Heiti samnings þessa og skýringar á orðum, sem notuð eru í honum.

- 1.01. Samningur þennan ber að nefna fyrsta viðauka við aðstoðarsamninginn — sölu.
- 1.02. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, skulu þar hafa sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar aðalsamningsins (með áorðnum breytingum), nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Ríkisstjórnin“ .....	málsgr. 1.01 a)
„Alusuisse“ .....	— 1.01 b)
„ISAL“ .....	— 1.01 e)
„Fylgiskjöl“ .....	— 1.02
„Fylgisamningar“ .....	— 1.02
„Bræðsla“ .....	— 1.03 b)

1.03. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, hafa þar sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. greinar fyrsta viðauka við aðalsamninginn, nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Fylgiviðaukar“ .....	málsgr. 1.03
„Gildistökudagur“ .....	— 1.04 a)

## 2. gr.

### Tengsl við breytingar á aðalsamningnum og hinum fylgisamningunum.

2.01. Sérhver tilvísun til aðalsamningsins, sem gerð er í aðstoðarsamningnum — sölu — (svo sem honum er breytt með samningi þessum) eða aðilar samnings þessa gera framvegis, skal talin gerð til aðalsamningsins, svo sem honum er breytt með fyrsta viðauka við aðalsamninginn, nema annars gerist þörf vegna samhengis, og aðalsamningurinn svo breyttur skal áfram ráða í skiptum aðila samnings þessa samkvæmt aðstoðarsamningnum — sölu — í öllum efnum, sem við á.

2.02. Sérhver tilvísun til hinna fylgiskjalanna eða hinna fylgisamninganna, eða einhvers þeirra, sem gerð er í aðstoðarsamningnum — sölu — (svo sem honum er breytt með samningi þessum) eða aðilar samnings þessa gera framvegis, skal talin gerð til viðkomandi fylgiskjala eða fylgisamninga, eins og þeim er breytt með fylgiviðaukunum, nema annars gerist þörf vegna samhengis.

## 3. gr.

### Gildi samnings þessa og gildistökudagur.

3.01. Samningur þessi er gerður sem viðbótarsamningur við aðstoðarsamninginn — sölu — samkvæmt ákvæðum málsgr. 10.02 í honum og skal talinn beinn hluti af aðstoðarsamningnum — sölu —, svo sem væri hann felldur inn í meginmál hans. Ákvæði aðstoðarsamningsins — sölu — taka ekki öðrum breytingum en þeim, sem gerðar eru í samningi þessum eða með honum, og halda að öðru leyti fullu gildi.

3.02. Samningur þessi skal öðlast gildi á gildistökudegi fyrsta viðauka við aðalsamninginn, enda hafi samþykki ríkisstjórnarinnar verið staðfest, svo sem sýnt er hér að neðan, og tilkynning samkvæmt málsgr. 10.02 í aðstoðarsamningnum — sölu — verið gefin.

ÞESSU TIL STAÐFESTU er samningur þessi undirritaður af hálfu ISALs og Alusuisse á þeim degi, sem í upphafi greinir.

Fyrir ÍSLENZKA ÁLFÉLAGIÐ HF.

Halldór H. Jónsson

Emanuel R. Meyer



**Fyrir SWISS ALUMINIUM LIMITED**

**Paul H. Müller**

**John Wohnlich**

**Samþykki ríkisstjórnarinnar til framanritaðrar samningsgerðar staðfestist hér með.**

**Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS**

**Jóhann Hafstein**

## SKÝRINGAR VIÐ FYLGISAMNINGANA

### Um fyrsta viðauka við rafmagnssamninginn.

Formi samnings þessa og ákvæðum hans um skýrgreiningar (1. gr.), tengsl við hina viðaukana og aðalsamninginn (5. gr.) og gildi og gildistöku (6. gr.) er fyrir komið á sama grundvelli og þeim, sem byggt var á við gerð fyrsta viðauka við aðalsamninginn. Jafnframt er fullnægt gildandi fyrir mælum rafmagnssamningsins um breytingar á honum, sem áskilja m. a. samþykki ríkisstjórnarinnar og Alusuisse til samningsgerðarinnar. Munu ákvæði nefndra greina viðaukans ekki þarfnast nánari skýringar.

Með 2. gr. viðaukans eru gerðar þær breytingar á ákvæðum rafmagnssamningsins um afhendingu á afli og orku til ÍSALS, sem við þarf til samræmis við samdar breytingar á stærð bræðslunnar. Hér er í öllum tilfellum um hlutfallslega breytingu að ræða, þannig að hinni nýju 20 MW viðbótarstækkun er ætlað sem svarar  $\frac{1}{6}$  hluta af því afli og orkumagni, sem áður var tiltekið fyrir bræðsluna í heild, og áföngum afhendingarinnar breytt samkvæmt því. Þannig verður hámarki árlegrar orkunotkunar bræðslunnar breytt úr  $530 < 795 < 1060$  millj. kWst. í  $530 < 707 < 1237$  millj. kWst. (málsgr. 2.01). Aflgildi (meðaltal á klst.) verður  $60 < 80 < 140$  megawött (málsgr. 2.02), en var áður  $60 < 90 < 120$  megawött, og breytist augnabliksgildi í sama mæli. Hámark daglegrar orkuneyzlu var áður  $1\,452 < 2\,178 < 2\,904$  þús. kWst., en verður nú  $1\,452 < 1\,936 < 3\,388$  þús. kWst. (málsgr. 2.03). Loks verður lágmarki því, er varðar varaafli fyrir bræðsluna, breytt úr  $28 < 42 < 56$  megawöttum í  $28 < 37 < 65$  megawött.

Með 3. gr. viðaukans er það staðfest, að rafmagnsverð til bræðslunnar verði 3.0 mill (26.4 aur.) á kWst. til 1. október 1975. Eru ákvæði a)-liðs málsgr. 13.01 í rafmagnssamningnum þannig færð til samræmis við ákvæði a)-liðs málsgr. 25.02 í aðalsamningnum.

Í 4. gr. viðaukans er svo gerð nauðsynleg breyting á ákvæðum 20. gr. rafmagnssamningsins um lágmarksorkumagn það, sem ÍSAL ber að greiða fyrir, hvort sem það er nýtt eða ekki. Er magninu breytt úr  $450 < 675 < 900$  millj. kWst. í  $450 < 600 < 1\,050$  millj. kWst. á ári, og þá fylgt sama hlutfalli og gert var í 2. gr. viðaukans. Frekari breytinga þarf ekki við til að tryggja hagsmuni Landsvirkjunar samkvæmt hinum nýju samningum.

### Um fyrsta viðauka við hafnar- og lóðarsamninginn.

Samningur Hafnarfjarðarkaupstaðar og ÍSALS um viðauka við hafnar- og lóðarsamning albræðslunnar í Straumsvík er sams konar að formi og fyrsti viðauki við rafmagnssamninginn, og má vísa í athugasemdir við hinn síðarnefnda og viðaukana í heild um skýringar á ákvæðum 1., 4. og 5. gr. þessa viðauka.

Í 2. gr. og 3. gr. viðaukans er að finna þau ákvæði, sem ráða munu um greiðslu ÍSALS á stofnkostnaði hafnarmannvirkjanna í Straumsvík samkvæmt hinum nýju samningum. Hefur efni þeirra breytinga, sem í þeim felast, þegar verið lýst í gegnatriðum í hinum almennu athugasemdum hér að framan. Fyrirhugað er, að ríkissjóður taki lán í Sviss til 15 ára til að standa straum af kostnaði þessum. Eru breytingarnar gerðar til þess, að hægt verði að fella greiðslur ÍSALS að skilmálum á láni þessu, þannig að félagið geti þar orðið beinn greiðandi að kalla. Áður var hins vegar ráðgert, að greiðslur félagsins yrðu í annuitetsformi og dreifðust þannig á 25 ár.

Málsgr. 2.01 fjallar um breytingar á málsgr. 11.01 í hafnar- og lóðarsamningnum, og beinast þær aðeins að tvennu. Í fyrsta lagi ber að umreikna hafnarkostnað-

inn í svissneska franka í stað Bandaríkjadollara áður. Í öðru lagi er frá því horfið, að umreikna höfuðstól kostnaðarins í annuitetsgreiðslur, heldur ber að endurgreiða hann sem slíkan með venjulegum afborgunum og þá með sömu vöxtum og um var samið í upphafi, þ. e. 6.5% á ári, frá 1. ágúst 1969 að telja.

Málsgr. 2.02 mælir svo fyrir, að kostnaðarfjárhæðin skuli vera afborgunarlausa fyrstu 5 árin, en greiðast síðan með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 10 árum þar á eftir. Vextir greiðist hins vegar misserislega allt tímabilið. Er hvort tveggja í samræmi við væntanlega skilmála á áðurgreindu láni.

Samningurinn kvað svo á í upphafi, að greiðslur ÍSALs á hafnarkostnaðinum skyldu koma í stað vörugjalda í Straumsvíkurbænum á 25 ára tímabili (málsgr. 11.04), en að því loknu tæki við sérstakt vörugjald miðað við heimsmarkaðsverð á áli (málsgr. 11.06). Samkvæmt málsgr. 2.03 og 2.04 skulu ákvæði samningsins um tímabil þetta standa óbreytt, þrátt fyrir breytt greiðslufyrirkomulag.

Samkvæmt málsgreinum þessum verður upphaf tímabilsins miðað við 1. ágúst s. l., á sama hátt og upphaf vaxtagreiðslna samkvæmt málsgr. 2.01 og 2.02. Áður átti hér að miða við fyrsta dag þess mánaðar, sem næstur væri eftir þann dag, er ÍSAL gæti byrjað samfellda vinnu við uppsetningu hafnartækja sinna, og síðan hafið móttöku á hráefni, sbr. fyrra niðurlagsákvæði málsgr. 11.01 í samningnum. Hefur 1. ágúst 1969 verið valinn í stað þessa dags, eftir því sem samngjarnt þótti. Fær Hafnarfjarðarkaupstaður full vörugjöld af öllum flutningum til bræðslunnar um hafnir sínar fram til þess tíma.

Málsgr. 2.05 fjallar um myntir þær, sem greiðslur vegna hafnarinnar miðast við. Skulu greiðslur á stofnkostnaði hafnarmannvirkjanna fara fram í svissneskum frönkum eða annarri mynt, sem um semst nú við ÍSAL. en aðrar greiðslur í Bandaríkjadollurum og íslenskum krónum eins og á var kveðið í upphafi.

Samkvæmt 3. gr. viðaukans framselur Hafnarfjarðarkaupstaður ríkisstjórninni allan rétt sinn varðandi greiðslur ÍSALs vegna stofnkostnaðar hafnarmannvirkjanna. Skulu þær ganga beint til þess banka, sem ríkisstjórnin tiltekur í því skyni. Gagnvart kaupstaðnum tekst ríkisstjórnin á hendur útvegum og ábyrgð á því láni, sem að baki stendur (málsgr. 3.01), og undirritar hún samninginn því til staðfestu. Samþykki ÍSALs við tilhögun þessari er staðfest með ákvæðum málsgr. 3.02.

Frekari breytingar en þessar hafa ekki verið ráðgerðar varðandi hafnar- og lóðarsamninginn, og stendur hann að öðru leyti óhaggaður með þeim breytingum, sem leiðir af fyrsta viðauka við aðalsamninginn.

#### Um fyrstu viðauka við aðstoðarsamningana.

Aðstoðarsamningar ÍSALs og Alusuisse um álbræðsluna í Straumsvík fjalla í aðalatriðum um verkfræðipjónustu við hönnun og byggingu bræðslunnar, tæknilega aðstoð við rekstur hennar og umboðsmennsku við sölu á málm frá henni. Á samningum þessum verður engin breyting önnur en sú, að þeir verða látnir taka til hinnar nýju viðbótarstækkunar á sama hátt og þeirra áfanga, sem áður var um samið. Eru viðaukarnir gerðir því til staðfestingar. Breytingin felst í viðurkenningu á hinum nýju skýrgreiningum um bræðsluna, sem ráðandi verða samkvæmt fyrsta viðauka við aðalsamninginn. Eru ákvæði þessara viðauka að öllu leyti í samræmi við gerð hinna viðaukanna, og munu þau ekki þarfnast nánari skýringar.